

Háskólinn á Bifröst
Félagsvísinda- og lagadeild

Námskrá grunnnáms
BS / BA og diplóma

Gildir skólaárið 2019 – 2020



BS viðskiptalögfræði
BS viðskiptalögfræði með vinnu
BA miðlun og almannatengsl
BA opinber stjórnsýsla
BA heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
Diplóma opinber stjórnsýsla



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Nafn námskrár:

Grunnnám: BS viðskiptalögfræði, BS viðskiptalögfræði með vinnu, BA miðlun og almannatengsl, BA opinber stjórnsýsla, BA heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS), diplóma opinber stjórnsýsla,

Tengiliður: Forseti félagsvísinda- og lagadeildar

Lengd náms: 1-2 ár (diplómanám 60 ECTS); sjö annir (BS / BA nám)

Fjöldi eininga: BA/BS: 180 ECTS, stig 1.2 samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður 2011. Diplóma: 60 ECTS sem uppfyllir skilyrði um diplómapróf, þrep 1.1 samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011.

Birt í febrúar 2019

Efnisyfirlit

1. Almenn um námsbrautir á BA/BS-stigi og diplómanám á grunnstigi	7
2. Kennslufræði	9
2.1. Námsmat.....	10
2.2. Vendingar.....	10
2.3. Starfsnám.....	11
2.4. Alþjóðlegt nám.....	11
3. BS í Viðskiptalögfræði; BS í Viðskiptalögfræði með vinnu	12
3.1. Almenn um námslínuna.....	12
3.2. Lokaviðmið námslínuna í viðskiptalögfræði.....	12
Þekking og skilningur.....	13
Tegund þekkingar.....	13
Fræðileg hæfni.....	13
Hæfni í samskiptum, upplýsingalæsi og miðlun.....	13
3.3. Námsframvinda í BS í viðskiptalögfræði (190 ECTS - fullt nám - 2,5 ár) ...	14
3.4. Námsframvinda í BS í viðskiptalögfræði með vinnu (190 ECTS - 4 ár)	15
4. BA í miðlun og almannatengslum	16
4.1. Almenn um námslínuna.....	16
4.2. Lokaviðmið námslínuna í miðlun og almannatengslum.....	17
Þekking.....	17
Leikni.....	17
Hæfni.....	17
4.3. Námsframvinda í miðlun og almannatengslum.....	18
5. Diplóma – Opinber stjórnarsýsla	20
5.1. Lýsing á námsbraut.....	20
5.2. Lokaviðmið námslínuna í opinberri stjórnarsýslu.....	20
Þekking.....	20
Leikni.....	21
Hæfni.....	21
5.3. Námsframvinda í diplóma í opinberri stjórnarsýslu (2 ár – 60 ECTS)	22
6. BA í opinberri stjórnarsýslu	23
6.1. Lýsing á námsbraut.....	23
6.2. Lokaviðmið námslínuna í opinberri stjórnarsýslu.....	23
Þekking.....	23
Leikni.....	24
Hæfni.....	24
6.3. Námsframvinda í BA í opinberri stjórnarsýslu – fullt nám.....	25
7. BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)	27
7.1. Almenn um námslínuna.....	27
7.2. Lokaviðmið námslínuna í HHS.....	27

Pekking	27
Leikni	28
Hæfni.....	28
7.3. Námsframvinda í HHS.....	29
8. Námskeiðslýsingar.....	31
8.1. Námskeið haustönn – Lota 1.....	31
901.4.0.UPTN Upplýsingatækni	31
901.2.0.FRAM Framsækni - örugg tjáning	32
201.6.0.SAMN Samningaréttur	33
203.6.0.SAMK Samkeppnisréttur	34
202.6.0.SKAT Skattaréttur I	35
203.6.0.EVRR Evrópuréttur	36
301.6.0.ISOS Stjórnmal og stjórnkerfi	37
307.6.0.SKAS Skapandi skrif og sala hugmynda / Ritlist og fréttaskrif	38
302.6.0.INTP International Politics (Alþjóðastjórnmal).....	39
302.6.0.ESEV Efnahagssamruni Evrópu	40
Opinber stjórnsýsla II: Skjalastjórnun og rafræn stjórnsýsla	41
102.6.0.HSTA Hagnýt stærðfræði.....	42
109.6.0.NYÞR, Nýsköpun og þróun stafrænnar þjónustu	43
102.6.0.STEV, Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlana	44
902.6.0.INEN, Innovation and Entrepreneurship.....	45
104.6.0.ÞSTJ, Þjónustustjórnun.....	46
112.6.0.INCO, Intercultural Communication (Alþjóðasamskipti)	47
104.6.0.MAF1 Markaðsfræði I.....	48
104.6.0.NEMA, Neytendahegðun og markaðsrannsóknir.....	49
8.2. Námskeið haustönn – Löng lota.....	50
201.6.0.ALM1 Almenn lögfræði I.....	50
901.6.0.FJM1 Fjármál I	51
901.6.0.RHAG Rekstrarhagfræði.....	52
301.6.0.HRÖK Hagnýt rökfræði og gagnrýnin hugsun	54
307.6.0.ALKS Almannatengsl II: Krísustjórnun.....	55
Opinber stjórnsýsla I: Inngangur að stjórnsýslu- og stjórnskipunarrétti.....	56
8.3. Námskeið haustönn – Lota 2.....	57
901.6.0.ADFE Aðferðafræði	57
201.6.0.INAR Inngangur að réttarfari.....	59
202.6.0.FELR Félagaréttur.....	60
301.6.0.ÍSTÁ Íslensk stjórnmal.....	61
301.6.0. MIÐ2 Miðlun II: Árif fjölmiðla.....	62
108.6.0.STAM, Stafræn markaðssetning.....	63
308.6.0.HMSA Hugmyndasaga (History of Ideas)	64
Opinber stjórnsýsla IV: Upplýsingalög og lög um persónuvernd	65
8.4. Námskeið vorönn – Lota 1	66
201.6.0.ALM2 Almenn lögfræði II	66
901.6.0.RHA1 Reikningshald I	67
202.6.0.EOVR Eigna- og veðréttur	68
307.6.0.FJÖL Fjölmiðlafærni	69
307.6.0.ALS1 Almannatengsl I: Samtal við umhverfið	70
312.6.0.KYFR Kynjafræði (Gender Studies).....	71

301.6.0.SABU Samanburðarstjórnsmál.....	73
312.6.0.DEEC Economic Growth and Development (Þróunarhagfræði).....	74
301.6.0.STHE Stjórnsmálaheimspeki.....	75
Verkefnastjórnun.....	76
Opinber stjórnsýsla V: Opinber vinnuréttur og mannauðsstjórnun.....	77
104.6.0.BREY, Breytingastjórnun.....	79
8.5. Námskeið vorönn – Löng lota.....	80
201.6.0.KROF Kröfuréttur I.....	80
201.6.0.STR2 Stjórnsýsluréttur 2.....	81
901.6.0.TÖLF Tölfræði.....	82
104.6.0.SBRE Sjálfbærni og samfélagsábyrgð.....	83
8.6. Námskeið vorönn – Lota 2.....	84
901.6.0.THAG Þjóðhagfræði.....	84
201.6.0.VINN Vinnuréttur.....	85
XXXXX Opinber stjórnsýsla III: Stjórnsýslu- og sveitastjórnaréttur.....	86
202.6.0.REFS Refsiréttur.....	87
104.6.0.RHA2 Reikningshald II.....	88
901.6.0.SIDF Siðfræði.....	89
301.6.0.BOFF Miðlun I: Fjölmiðlar og samfélag.....	90
102.6.0.ÞJOF Þjónandi forysta og stjórnun.....	91
302.6.0.GAME Game Theory (Leikjafræði).....	92
102.6.0.MSHL Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtogans.....	93
Opinber stjórnsýsla III: Stjórnsýslu- og sveitastjórnaréttur.....	94
8.7. Námskeið sumarönn – Lota 2.....	95
201.6.0.VIST Stjórnskipunarréttur.....	95
201.6.0.ALM3 Almenn lögfræði III:.....	96
307.6.0.FJSL Fjölmiðlar, siðferði og lög.....	97
312.6.0.ANPH Ancient Philosophy (Fornaldarheimspeki).....	98
301.6.0.ALHA Alþjóðahagfræði.....	99
Lokaverkefni í opinberri stjórnsýslu.....	100
Samfélagsábyrgð og kynjuð fjárlagagerð –.....	101
Kemur inn síðar.....	101
Opinberir kjarasamningar og lagaumhverfi.....	101
8.8. Námskeið sumarönn – Lota 3.....	102
Málstofa í opinberri stjórnsýslu.....	102
8.9. Lokaverkefni, misserisverkefni og starfsnám.....	103
Valnámskeið.....	103
902.8.0.MISS Misserisverkefni.....	104
912.6.0.STNÁ Starfsnám.....	105
303.X.0.BARG BA ritgerð.....	106
203.X.0.BSRG Lokaverkefni – BS ritgerð.....	107
9. Önnur námskeið.....	108
302.6.0.POSC Philosophy of Economics.....	109
301.6.0.CLAP Classical Political Thought (Stjórnsmálhugmyndir og hugmyndakerfi)	110
.....	110
302.6.0.POSC Philosophy of Science (Vísindaheimspeki).....	111
302.6.0.GLFI Globalization and financial institutions (Hnattvæðing og fjármálastofnanir).....	112

302.6.0.INEC Institutional Economics (Stofnanahagfræði)	114
301.6.0.UMAU Umhverfis- og auðlindahagfræði / 301.6.0.ENRE Environmental and Resource Economics.....	115
301.6.0.SHAG Stjórnmalahagfræði.....	116
302.6.0.CONS Conflict and Peace Studies (Friðar- og átakafræði).....	117
312.6.0.CCIN Climate Change and International Politics (Loftslagsbreytingar og alþjóðastjórnmal)	118
312.6.0.REPO Religion and Politics (Trúarbrögð og stjórnmal)	119
302.6.0.ARCS Arctic Politics (Norðurslóðir)	120
302.6.0.MALL Mannréttindi og alþjóðastjórnmal.....	121
312.6.0.MAUS Stjórnmal Miðausturlanda.....	122
302.6.0.BAST Bandarísk stjórnmal	123
302.6.0.POPS Populism and politics	124
301.6.0.BYL1 Byltingafræði I – Lítil þúfa.....	125
308.6.0.FRAM Framtíðarfræði	126
301.6.0.VAVE Vald og vélabrögð	127
307.6.0.KAST Klassísk stjórnspeki	128
307.6.0.NYAR Nýmiðlar og áhrif	129
301.6.0.MALS Málstofa	130

1. *Almennt um námsbrautir á BA/BS-stigi og diplómanám á grunnstigi*

BA/BS nám í félagsvísinda- og lagadeild er 180 ECTS nám (BS-í viðskiptalögfræði er 190 ECTS) sem skipulagt er þannig að auk hefðbundinna haust- og voranna eru kenndar sumarannir þannig að nemendur geta klárað 80 ECTS einingar á ári í stað 60. Þannig er hægt að ljúka námskeiðum að mestu leyti á tveimur árum, en á síðustu önninni (þriðja ár) skrifa nemendur lokaritgerð auk þess að ljúka þeim ECTS sem eftir eru, meðal annars með starfsnámi eða valnámskeiðum. Mögulegt er að taka námið yfir lengri tíma ef nemandi kys svo.

Diplómanám á grunnstigi er skipulagt sem 60 ECTS nám sem er skipulagt þannig að nemendur geti klárað á tveimur til þremur önnum sem fer eftir því hvort nemendur fylgi fullri námsframvindu eður ei.

Grunnnámið er skipulagt í lotum, þannig að hver lota er sjö vikur, þar sem kennt er í sex vikur og námsmatið er í þeirri sjöundu. Þó eru nokkur námskeið, eðlis þeirra vegna, kennd í löngum lotum, þ.e. 13 vikur; 12 vikur í kennslu og ein vika í námsmat. Með þessu fyrirkomulagi er auðveldara fyrir nemendur að einbeita sér að þeim námskeiðum sem þeir taka hverju sinni og álag á þá verður jafnara yfir önnina.

Notaðar eru nútímakennsluaðferðir í skólanum, svo sem vendikennsla, sem gefur kennurum og nemendum aukið svigrúm til að staldra við flókin viðfangsefni, allt eftir þörfum nemenda hverju sinni. Lotubundið skipulag kennslunnar skapar aukin tækifæri til að fá fagaðila erlendis frá til að kenna hluta úr eða heilt námskeið við háskólann. Reynt er að sjá til þess að á milli stuttra lotna sé einnar viku lotuhlé. Á lokaönn námsins, sem er haustönn, ljúka nemendur sem haldið hafa fullum hraða 20 ECTS, þar á meðal 14 ECTS BA ritgerð. Hún er sjálfstætt verkefni nemanda, unnin í samvinnu við kennara.

Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Bifröst býður uppá BS/BA nám á eftirfarandi námsbrautum:

- BS – Viðskiptalögfræði (190 ECTS)
- BS – Viðskiptalögfræði með vinnu (190 ECTS)
- BA – Miðlun og almannatengsl (180 ECTS)
- BA – Opinber stjórnsýsla (180 ECTS)
- BA – Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS) (180 ECTS)

Að auki býður félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Bifröst upp á eftirfarandi 60 ECTS diplómagráður á grunnstigi:

- Diplóma í opinberri stjórnsýslu (60 ECTS)
- Diplóma í stjórnun skapandi greina (60 ECTS)

Með þessum námsleiðum er mótuð sú sýn á samfélagstengt nám sem Bifröst byggir á og lagður grunnur að getu nemenda til að vinna með fólki úr ólíkum áttum hvort sem um er að ræða nám eða starf.

Til að geta hafið nám í grunnnámi (BS / BA / Diplóma) við Félagsvísinda- og lagadeild þurfa umsækjendur að hafa lokið stúdentsprófi. Nemendur sem lokið hafa Háskólagátt Háskólans á Bifröst teljast uppfylla þetta skilyrði. Þá er heimilt að veita undanþágu frá kröfu um stúdentspróf búi umsækjandi yfir reynslu og/eða þekkingu sem meta má til jafns við stúdentspróf.

Í öllu námi á Bifröst er lögð rík áhersla á að nemendur geti annars vegar unnið sjálfstætt að úrlausn krefjandi verkefna og hins vegar unnið í hópi samnemenda að rannsóknnum og úrlausn stærri verkefna, kynnt þau og lagt í dóm kennara og samnemenda. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og hagnýta tengingu við raunhæf verkefni sem eru krefjandi og umfangsmikil.

Að baki hverri ECTS einingu er gert ráð fyrir 25-30 stunda vinnu nemenda. Vinna nemenda felst í tímasókn, undirbúningi, verkefnavinnu og þátttöku í námsmati. Kennsla, námsmat og skipulag kennslu fylgir F 110 Reglum um nám og kennslu sem má finna í gæðahandbók skólans. Þar má líka finna prófreglur og ýmsar leiðbeiningar fyrir nemendur. Gæðahandbókin er aðgengileg á vef skólans.

Í því skyni að stuðla að framþróun samfélagsins í átt að betra og auðugra umhverfi, mannúðlegu samfélagi og ábyrgri þátttöku, hefur skólinn gerst aðili að alþjóðlegu samstarfi um menntun ábyrgra stjórnenda (Principles of Responsible Management Education – PRME) sem Sameinuðu þjóðirnar veita forystu. Jafnframt miðar skólinn að því að efla hugsun um sjálfbærni sem tengist bæði námi og rannsóknnum sem við skólann og mannlífi í háskólaþorpinu.

2. Kennslufræði

Í öllu námi á Bifröst er lögð rík áhersla á að nemendur geti annars vegar unnið sjálfstætt að úrlausn krefjandi verkefna og hins vegar unnið í hópum samnemenda að rannsóknum og úrlausn stærri verkefna, kynnt þau og lagt í dóm kennara og samnemenda. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og hagnýta tengingu við raunhæf verkefni. Námið er byggt upp í kringum raunhæf og raunveruleg verkefni sem nemendur vinna bæði í hópum og sjálfstætt. Hlutverk leiðbeinenda/kennara er að auðvelda og hjálpa til við námið með leiðsögn og endurgjöf í tengslum við verkefnavinnuna á sama tíma og námsefnið er fléttað inn í starfið. Námsefni er jafnframt miðlað með gögnum og fyrirlestrum á vef og er markmiðið að nemendur geti nálgast efnið eftir því sem þeir þurfa á að því að halda.

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og fela í sér leiðir til að efla gagnrýna, sjálfstæða og lausnamiðaða hugsun. Um er að ræða virkt nám og virka kennslu sem byggir á þátttöku nemenda og kennara/leiðbeinenda í virku, gagnrýnu og skapandi ferli. Fagleg nálgun og skipulag náms einkennist af því að búa til vettvang til samvinnu í þekkingarsköpun, miðlun þekkingar, hugmynda og lausna. Nemendur fá tækifæri til að móta eigin hugmyndir og vinna raunverulega með þær í samvinnu við aðra nemendur, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Áhersla er lögð á að námið sé reynsluferli þar sem hver einstaklingur fær tækifæri til að vera virkur og skapandi en jafnframt er lögð mikil áhersla á vinnu í teymum og verkefnastjórnun.

Símat í formi verkefnavinnu er stór hluti kennslu í grunnnámi og er einkennandi fyrir Háskólann á Bifröst. Í markmiðasetningu og stefnu skólans má sjá áherslur sem fela m.a. í sér eftirfarandi þætti:

- Kennslufræðilega sérstöðu sem felst í virku hópastarfi, þar sem nemendur þurfa að temja sér öguð vinnubrögð og samskipti, jafnframt því að frumkvæði nemandans sem einstaklings er virkjað og ýtt er undir skapandi og gagnrýna hugsun.
- Þjálfun nemenda við kynningu á hugmyndum sínum og vinnu, miðlun reynslu sinnar og þekkingar og rökræður þar um.
- Tíð verkefnaskil og nána vinnu með kennurum og öðrum nemendum, sem veitir náminu hagnýtt gildi, til viðbótar við almennar kröfur um skilning og þekkingu á fræðasviðinu.
- Tengsl við atvinnulíf þar sem nemendur vinna að raunhæfum verkefnum í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir, auk möguleika á starfsnámi, þar sem nemendum er boðið upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda fyrirtækja og stofnana.

Kennsla, námsmat og skipulag kennslu fylgir *Reglum um nám og kennslu* sem má finna í gæðahandbók skólans (sjá F110). Þar má líka finna prófareglur og ýmsar leiðbeiningar fyrir nemendur: <https://www.bifrost.is/um-haskolann/gaedamal/nam-og-kennsla/>

Sérstaða í kennsluháttum Háskólans á Bifröst felst meðal annars í misserisverkefnum sem unnin eru í 4-6 manna hópum. Misserisverkefni, auk kennslu í verkefnastjórnun, eru 8 ECTS verkefni og þurfa nemendur að taka tvö slík verkefni á námstímanum. Nemendur verja verkefni fyrir dómnefnd tveggja kennara ásamt hópum samnemenda. Heimilt er að sleppa einu misserisverkefni ef nemandi fer sem skiptinemi eða fær metið sambærilegt verkefni úr öðrum háskóla. Slíka ráðstöfun þarf að gera í samráði við deildarforseta.

2.1. Námsmat

Námsmat er margþætt og styður við markmið námsins um öguð vinnubrögð og skapandi hugsun. Lögð er áhersla á sjálfsmat, umsagnir samstarfsaðila, jafningjamat og mat kennara og leiðbeinanda. Eftir atvikum eru einnig notaðar sérstakar matskýrslur, próf og kynningar, en sérstök áhersla er lögð á að námsmatið feli í sér endurlit nemenda á eigin verkefni og reynslu. Þetta er gert í með dagbókaskrifum á mismunandi formi, möppu með eigin verkum nemenda og endurgjöf leiðbeinanda sem fylgir þróun nemenda í náminu. Námsmatið fer einnig fram með aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga og fólks úr atvinnulífi sem tengast vinnslu verkefna. Nemendur kynna og verja stærri verkefni í náminu og er sú vörn hluti af námsmati í formi munnlegs prófs og skýrslugerðar.

Lokaverkefnið er stærsta verkefni námsins og jafnframt útskriftarverkefni. Lokaverkefnið skal tengjast því sviði sem nemandi hefur áhuga á að sérhæfa sig á og við vinnslu lokaverkefnis er mikil áhersla lögð á vönduð vinnubrögð sem sýna tök nemandans á sérsviði sínu og heildstæðan skilning á verkefnaskipulagi og framleiðsluferli. Undirbúningur fyrir lokaverkefni fer fram í gegnum allt námið en verkefnið er einstaklingsverkefni undir stjórn leiðbeinanda.

Að baki hverrar ECTS einingar er gert ráð fyrir 25-30 stunda vinnu nemenda. Inni í þeirri vinnu er allur lestur, verkefnavinna, undirbúningur fyrir próf, kynningar, vinnuhelgar, fyrirlestrar og allt það sem talist getur til vinnu nemenda í hverju námskeiði.

2.2. Vendingám

Öll kennsla við Háskólann á Bifröst fer fram í vendikennslu. Rafrænir fyrirlestrar og kennsluefni í hverju námskeiði er aðgengilegt nemendum á innri vef skólans og nemendur geta þannig skipulagt hvenær þeir hlusta á efni frá kennara eftir því hvað hentar hverju sinni. Lykilatriði er að hlusta á efni frá kennara áður en hafist er handa við verkefnavinnu. Skólinn leggur áherslu á að samhæfa efnið við margskonar búnað, þannig að nemendur geta t.d. hlustað á fyrirlestra í MP3 spilurum, horft á þá í spjaldtölvum, snjallsímum, far- eða borðtölvum allt eftir hentugleikum hvers og eins.

Í hverju námskeiði er gert ráð fyrir a.m.k. einum fundi nemenda ásamt kennara á Bifröst á vinnuhelgi. Vinnuhelgar eru mikilvægur þáttur í náminu á Bifröst. Þær eru notaðar til að miðla frekari fræðslu og þekkingu, verkefnavinnu og samskiptaþjálfunar. Nauðsynlegt er að nemendur hagi málum þannig að þeir geti mætt á vinnuhelgar og tekið fullan þátt í kynningum, gagnrýnni umræðu og öðru sem fram fer. Öll aðstaða og aðbúnaður fyrir nemendur er eins og best verður á kosið. Reynt er að koma til móts við nemendur sem eru búsettir erlendis með sérstökum tæknilausnum eða sérverkefnum.

Próf eru haldin á fjölmörgum stöðum víða um heim. Á Íslandi eru próf m.a. haldin á símenntunarmiðstöðvum víðsvegar um landið og erlendis geta nemendur tekið próf t.d. í sendiráðum, ræðismannsskrifstofum eða í háskólum. Um prófstaði erlendis er nauðsynlegt að hafa samráð við prófstjóra.

2.3. Starfsnám

Til að efla tengsl við atvinnulífið og við fyrirhugaðan starfsvettvang nemenda hefur Háskólinn á Bifröst byggt upp starfsnám í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir. Nemendur sem sýnt hafa fram á góðan námsárangur, frumkvæði og sjálfstæða hugsun geta sótt um að komast í starfsnám á námstímanum. Nemendur í grunnnámi verða að hafa lokið a.m.k. 110 ECTS og hafa fyrstu einkunn (7,25 eða hærra) til að geta komist í starfsnám. Starfsnámið tekur yfirleitt fjórar vikur (160 klukkustundir) og er ígildi 6 ECTS. Sækja þarf sérstaklega um að fara í starfsnám.

2.4. Alþjóðlegt nám

Áhersla Bifrastar á alþjóðleg tengsl birtist í öflugum samstarfi við erlenda háskóla. Þetta kemur fram í faglegum og fræðilegum tengslum akademískra starfsmanna skólans við erlenda starfsfélaga og í samningum skólans við háskóla um allan heim um móttöku skiptinema. Nemendum í grunnnámi við Háskólann á Bifröst býðst að stunda nám í einum af samstarfsskólum Bifrastar erlendis í eina önn og er gert ráð fyrir því að nemendur geti skipulagt skiptinám sitt þannig að þeir ljúki sama einingafjölda við samstarfsskólann og þeir hefðu annars lokið á Bifröst á sama tíma. Alþjóðafulltrúi er nemendum til aðstoðar varðandi umsóknir um skiptinám, en nemendur bera ábyrgð á eigin námsframvindu. Háskólinn á Bifröst tekur einnig við erlendum skiptinimum frá samstarfsskólum sínum og er samstarf og samneyti nemenda við þá einnig mikilvægur hluti af þeirri alþjóðlegu reynslu sem skólinn býður nemendum sínum upp á.

Háskólinn er aðili að Erasmus-samstarfi evrópskra háskóla og er einnig með marga tvíhliða samninga við valda háskóla utan Evrópu. Bifröst tekur þátt í *University of the Arctic* (UArctic) sem er samstarf nokkurra háskóla í Kanada, Bandaríkjunum, Grænlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi. Auk þess sem Bifröst tekur þátt í *north2north* skiptinemasamstarfi á vegum UArctic.

3. *BS í Viðskiptalögfræði;* *BS í Viðskiptalögfræði með vinnu*

3.1. **Almennt um námslínuna**

Nám í viðskiptalögfræði miðar að því að mennta fólk með undirstöðuþekkingu á sviði laga og viðskipta. Þverfaglegt nám í lögfræði og viðskiptafræði er ekki aðeins vinsælt nám, heldur fellur það að þróun alþjóðlegs atvinnulífs sem krefst stöðugt skilnings á lögum og lagaumhverfi. Námið í viðskiptalögfræði Bifröst er sniðið að þörfum atvinnulífsins.

Námi lýkur með BS gráðu í viðskiptalögfræði (190 ECTS). Námið uppfyllir skilyrði um bakkalárpróf, þrep 1.2 samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður frá 2011.

Lögfræðihluti námsins er 130 ECTS. Kenndar eru almennar greinar lögfræði, þar á meðal almenn lögfræði, stjórnskipunarréttur, stjórnslurur, kröfuréttur, skattaréttur, vinnuréttur, eigna- og veðréttur, refsiréttur, skaðabótaréttur auk þeirra réttarsviða sem snerta stofnun og rekstur fyrirtækja í víðu samhengi. Viðskiptafræðihluti námsins er 60 ECTS og tekur til grunnþátta rekstrarhagfræði, rekstrar og fjármála sem og aðferðafræði.

Nemendur sem ljúka BS prófi í viðskiptalögfræði með fyrstu einkunn geta sótt um að halda áfram meistaranámi í lögfræði. ML námið telur 120 ECTS. Nemendur sem hafa lokið samanlagt 240 einingum í lögfræðigreinum á BS og ML stigi teljast hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði. Þeir uppfylla því almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum málflytjenda og dómara og öðlast viðeigandi réttindi með því að standast próf Lögmannafélagsins.

Auk þess að veita aðgang að ML/MBL námi við Háskólann á Bifröst veitir grunnám í viðskiptalögfræði almennt aðgang að öðru námi á meistarastigi eða á stigum 2.1 og 2.2., sbr. viðmið um æðri menntun og prófgráður nr. 530/2011. Aðgangur takmarkast af reglum einstakra skóla um lágmarksfjölda eininga í hverju fagi, lágmarkseinkunnum og fleiri þáttum. Grunnám í viðskiptalögfræði býður því upp á fjölbreytt val um meistaranám.

Í boði eru tvenns konar námsframvinda (sjá síðar í þessum kafla):

- Annars vegar að taka BS í viðskiptalögfræði í fullu námi (2,5 ár)
- Hins vegar að taka BS í viðskiptalögfræði með vinnu (4 ár)

3.2. **Lokaviðmið námslínu í viðskiptalögfræði**

Lærdómsviðmið námsleiðar eru sett fram samkvæmt viðmiðum Mennta og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 530/2011. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

Bekking og skilningur

Nemandi skal tileinka sér almennan skilning á kenningum, forsendum, hugtökum og aðferðum á sviði lögfræði og viðskiptafræði. Námið er á þessu stigi einkum miðað að því að auka skilning á rekstri fyrirtækja og hæfni þeirra til að leysa úr lögfræðilegum viðfangsefnum sem bíða að námi loknu. Þá skal nemandi geta nýtt þekkingu sína og skilning við fræðilega iðju eða innan starfsgreinar og búa yfir hæfni til þekkingaröflunar á sviði viðskiptalögfræði, ásamt því að geta rökstutt fræðilegar úrlausnir.

Tegund þekkingar

Nemandinn á að loknu námi að hafa tileinkað sér viðtæka þekkingu og skilning á lögfræði, ásamt því að hafa góða innsýn í viðskiptafræði. Þekking nemandans skal ná til nýjustu þekkingar á fræðasviðinu hverju sinni. Hagnýt þekking Nemandinn á að loknu námi að geta greint hagnýt, flókin viðfangsefni í faglegu samhengi og geta tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni. Jafnframt skal hann geta unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum í viðskiptalögfræði, geta sett sér markmið, gert starfsáætlun og fylgt henni.

Fræðileg hæfni

Nemandinn skal tileinka sér hæfni til að setja fram og lýsa flóknum fræðilegum atriðum og rannsóknaniðurstöðum sem tengjast lögfræðilegum viðfangsefnum viðskipta og rekstrar. Sérstök áhersla er lögð á framsögu hjá nemendum og að þeir séu þjálfaðir markvisst í að koma fræðilegum álitafnum til skila munnlega. Í þeim tilgangi er nemendum m.a. skylt að taka að jafnaði 2 misserisverkefni á BS-stigi námsins, þar sem þeir skila fræðilegri greinargerð um efni að eigin vali og verja hana munnlega fyrir hópi kennara og nemenda, ásamt því að sækja námskeið um framsækni og örugga tjáningu á öðru ári. Nemandinn skal geta beitt vísindalegum aðferðum við greiningu viðfangsefna og skilja helstu kenningar og hugtök lögfræðinnar ásamt því að geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem notaðar eru innan hennar.

Hæfni í samskiptum, upplýsingalæsi og miðlun

Nemandi skal að loknu námi hafa hæfni til að taka virkan þátt í samstarfi á sviði viðskiptalögfræði, miðla færni sinni, hugmyndum og kunnáttu, geta leitt verkþópa og tekið þátt í hvers konar samstarfi um fræðileg verkefni. Að auki skal hann vera fær um að túlka og kynna fræðilegar niðurstöður sínar, munnlega eða skriflega og beita þeirri tækni og hugbúnaði sem nýtist mest í námi og starfi.

3.3. Námsframvinda í BS í viðskiptalögfræði (190 ECTS - fullt nám – 2,5 ár)

Nemendur í viðskiptalögfræði geta tekið valnámskeið (t.d. úr öðrum námslínunum; viðskiptafræði, HHS, miðlun og almannatengsl) sem verða í boði hverju sinni. Það er þó háð framboði og skipulagi hvaða námskeið er um að ræða. Öll feitletruð námskeið í töflunni fyrir neðan eru skyldunámskeið sem nemendur skulu ávallt setja í forgang, til þess að halda skipulagi, svo ekki komi til óþarfa seinkunar á námslokum.

Námsferill eftir önnum og námsárum – Viðskiptalögfræði (fullt nám - 190 ECTS)

Haust 1. ár	ECTS	Lota	Vor 1. ár	ECTS	Lota	Sumar 1. ár	ECTS	Lota
Upplýsingatækni	4	1	Almenn lögfræði II	6	1	Misserisverkefni	8	1
Framsækni - örugg tjáning	2	1	Reikningshald I	6	1	Stjórnskipunar-réttur	6	2
Samningaréttur	6	1	Kröfuréttur I	6	Löng	Valnámskeið	6	3
Almenn lögfræði I	6	Löng	Vinnuréttur	6	2			
Aðferðafræði	6	2	Stjórnsýsluréttur I	6	2			
Inngangur að réttarfari	6	2						
	30			30			20	
Haust 2. ár	ECTS	Lota	Vor 2. ár	ECTS	Lota	Sumar 2. ár	ECTS	Lota
Samkeppnisréttur	6	1	Skaðabótaréttur	6	1	Misserisverkefni	8	1
Skattaréttur I	6	1	Eigna- og veðréttur	6	1	Almenn lögfræði II	6	2
Fjármál I	6	Löng	Stjórnsýsluréttur II	6	Löng	Valnámskeið	6	3
Rekstrarhagfræði	6	Löng	Refsiréttur	6	2			
Félagaréttur	6	2	Reikingshald II	6	2			
	30			30			20	
Haust 3. ár	ECTS	Lota						
Evrópuréttur	6	1						
BS-ritgerð	12	Löng						
Valnámskeið (bundið val)*	6							
Valnámskeið	6							
	30							

*Breytilegt

3.4. Námsframvinda í BS í viðskiptalögfræði með vinnu (190 ECTS – 4 ár)

Nemendur í viðskiptalögfræði geta tekið valnámskeið (t.d. úr öðrum námslínunum; viðskiptafræði, HHS, miðlun og almannatengsl) sem verða í boði hverju sinni. Það er þó háð framboði og skipulagi hvaða námskeið er um að ræða. Öll feitletruð námskeið í töflunni fyrir neðan eru skyldunámskeið sem nemendur skulu ávallt setja í forgang, til þess að halda skipulagi, svo ekki komi til óþarfa seinkunar á námslokum.

Námsferill eftir önnum og námsárum – Viðskiptalögfræði með vinnu (190 ECTS)

Haust 1. ár	ECTS	Lota	Vor 1. ár	ECTS	Lota	Sumar 1. ár	ECTS	Lota
Upplýsingatækni	4	1	Almenn lögfræði II	6	1	Stjórnskipunar-réttur	6	2
Framsækni - örugg tjáning	2	1	Kröfuréttur I	6	Löng	Valnámskeið	6	3
Almenn lögfræði I	6	Löng	Stjórnsýsluréttur I	6	2			
Inngangur að réttarfari	6	2						
	18			18			12	
Haust 2. ár	ECTS	Lota	Vor 2. ár	ECTS	Lota	Sumar 2. ár	ECTS	Lota
Samningaréttur	6	1	Reikningshald I	6	1	Misserisverkefni	8	1
Fjármál I	6	Löng	Vinnuréttur	6	2	Almenn lögfræði II	6	2
Aðferðafræði	6	2	Refsiréttur	6	2			
	18			18			14	
Haust 3. ár	ECTS	Lota	Vor 3. ár	ECTS	Lota	Sumar 3. ár	ECTS	Lota
Skattaréttur I	6	1	Skaðabótaréttur	6	1	Misserisverkefni	8	1
Rekstrarhagfræði	6	Löng	Stjórnsýsluréttur II	6	Löng	Valnámskeið	6	2
Félagaréttur	6	2	Reikingshald II	6	2			
	18			18			14	
Haust 4. ár	ECTS	Lota	Vor 4. ár	ECTS	Lota			
Samkeppnisréttur	6	1	Eigna- og veðréttur	6	1			
Evrópuréttur	6	1	BS-ritgerð	12	Löng			
Valnámskeið (bundið val)*	6							
Valnámskeið**	6							
	24			18				

*Breytilegt

**Nemendur ráða hvenær á námstímanum þau taka þetta valnámskeið – það þarf ekki endilega að taka það á haustönn á 4. ári

4. *BA í miðlun og almannatengslum*

4.1. **Almennt um námslínuna**

Grunnnám í miðlun og almannatengslum miðar að því að búa nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði sem gerir æ ríkari kröfur um skilning, þekkingu og fagleg vinnubrögð er lúta að fjöl- og samfélagsmiðlum og opinberum samskiptum fyrirtækja, einstaklinga og stofnana. Að geta átt skýr og markviss samskipti og að geta skilið og komið frá sér hugmyndum, skoðunum, stefnu fyrirtækja og stofnana verður æ þýðingarmeira í nútímasamfélagi. Nemendur í miðlun og almannatengslum öðlast þjálfun bæði í að meta og greina mikilvægar hugmyndir og upplýsingar í samfélagi, menningar- og viðskiptalífi en jafnframt hæfni til þess að miðla þeim með greinargóðum og áhrifaríkum hætti. Nemendur læra sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu í hóp.

Námið byggir á breiðum grunni hug- og félagsvísinda. Uppbygging námsins er tvíþætt. Nemendur ljúka 30 ECTS í samfélags-, menningar- og hugmyndagreiningu. Námskeið í þessum hluta heyrar meðal annars undir heimspeki og stjórn málafræði. Þau miða að því að byggja upp almennan þekkingargrunn á samfélags- og menningarmálum og hæfni til þess að greina og vinna með hugmyndir þar að lútandi á gagnrýninn og skapandi hátt. Þá ljúka nemendur 60 ECTS í miðlunar- og markaðsfræðum. Námskeið í þessum hluta miða að því að þjálfa nemendur í framsetningu og miðlun hugmynda með hliðsjón af ólíkum markhópum, almannatengslum og samskiptum innan stofnana og fyrirtækja. Nemendur eru stöðugt hvattir til að þjálfa og þroska sjálfstæða hugsun og nýta sér námið til þess.

Námskeið í miðlun og almannatengslum eru skipulögð með tilliti til mikillar verkefnavinnu en auk þess vinna nemendur í hópum að rannsóknum og úrlausn sjálfstæðra hópverkefna – svonefndra misserisverkefna, sem eru kynnt og lögð í dóm kennara og samnemenda. Nemendur gera tvö slík verkefni á námstímanum, en þau vega átta ECTS einingar hvort um sig. Samhliða misserisverkefnum fá nemendur markvissa þjálfun í verkefnastjórnun. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og samfélagstengd viðfangsefni. Misserisverkefni eru oft unnin í samstarfi við fyrirtæki, sveitarstjórnir, opinberar stofnanir og aðra aðila utan skólans.

Nemendur í miðlun og almannatengslum eiga kost á að taka 30 ECTS í frjálssu vali sem Nemendur geta annað hvort notað til að dýpka þekkingu sína í einhverri greina félagsvísinda eða leitað út fyrir það inn á svið lögfræði eða viðskiptafræði

Námið er tilvalið fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á að vinna við miðlun upplýsinga, upplýsingaráðgjöf eða að sinna upplýsingagjöf. Er þá átt við störf á sviði fjölmiðlunar eða almannatengsla, í opinberri stjórnsýslu, fyrir frjáls félagasamtök, stjórn málaflokka, stofnanir og fyrirtæki af ýmsum toga. Lögð er mikil áhersla á þjálfun í skriflegri og munnlegri framsetningu í náminu sem nýtist á margvíslegum starfsvettvangi.

Námi lýkur með BA gráðu í miðlun og almannatengslum (180 ECTS), sem uppfyllir skilyrði um bakkalárpróf, þrep 1.2 samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011.

4.2. Lokaviðmið námslínu í miðlun og almannatengslum

Lokaviðmið námslínu eru sett fram samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur á útskriftarskírteini og í skírteinisviðauka.

Þekking

Við útskrift hafa nemendur náð tókum á aðferðum og kenningum sem einkenna samfélagslega greiningu þeirra fræðigreina sem þeir hafa lagt stund á. Þeim er einnig ljós sú ábyrgð sem stefnumótandi áhrif faglegrar þekkingar þeirra færir þeim í starfi.

- Nemendur hafa öðlast viðtækan skilning á helstu kenningum og hugtökum sem tengjast miðlun, fjölmiðla- og boðskiptafræði, almannatengslum sem og menningarfræðum.
- Þeir hafa vitneskju um nýjustu hugmyndir, aðferðir og tækni á umræddum sviðum.
- Þeir geta lagt gagnrýnið mat og tekið afstöðu til þeirrar fræðilegu þekkingu sem þeir hafa öðlast.

Leikni

Útskrifaðir nemendur geta beitt aðferðum og vinnubrögðum félagsvísinda við greiningu og gagnaöflun jafnt í starfi sem frekara námi.

- Þeir geta notfært sér, skilgreint og rökstutt með skýrum og skiljanlegum hætti þá fræðilegu þekkingu sem þeir hafa yfir að búa.
- Nemendur hafa öðlast öryggi til sjálfstæðrar vinnu, greiningar og framsetningar á upplýsingum og.
- Nemendur hafa tileinkað sér skilvirkar aðferðir upplýsingaöflunar og getu til þess að velja markvissar og árangurríkar leiðir til upplýsingamiðlunar.
- Nemendur eru þjálfaðir í meðferð upplýsinga og nýrra gagna. Þeir geta metið áreiðanleika þeirra og nýtt þær eins og við á. Í þessu sambandi geta þeir gert greinarmun á eigindlegum og meginindlegum rannsóknum, og textatúlkun.
- Nemendur hafa kynnt sér og geta notað öll helstu gagnasöfn hug- og félagsvísinda og hafa hlotið þá þjálfun sem nauðsynleg er til að hafa full not af slíkum söfnum.
- Nemendur hafa fengið hvatningu og þjálfun til sjálfstæðrar hugsunar, greiningar og vinnubragða almennt.

Hæfni

Nemendur sem ljúka prófi í Miðlun og Almennatengslum eru færir um að hagnýta þekkingu sína við ólíkar aðstæður og skilyrði. Þeir búa yfir faglegrri þekkingu sem gerir þeim kleift að halda áfram námi á meistara- og doktorsstigi og til að takast á við fjölbreytt verkefni í atvinnulífi.

- Nemendur eiga að geta heimfært fræðilega þekkingu og kunnáttu á raunverulegar aðstæður.
- Nemendur eiga að geta greint milli ólíkra tegunda miðlunarleiða sem og margvíslegra aðstæðna fyrir upplýsingamiðlun.

- Nemendur hafa tileinkað sér skipuleg og skilvirk vinnubrögð sem stuðla að árangursríkri framsetningu og upplýsingamiðlun.
- Nemendur eru þjálfaðir í teymis- og hópvinnu við krefjandi aðstæður.
- Nemendur eru færir um að takast á við stjórnunarlega ábyrgð og gera sér grein fyrir samfélagslegum, menningarlegum og pólitískum áhrifum ábyrgra stjórnarháttá.

4.3. Námsframvinda í miðlun og almannatengslum

Skyldunámskeið í miðlun og almannatengslum skiptast í fjóra meginflokka; a) Aðferðir, vinnubrögð og stjórnun (30 ECTS); b) Samfélags-, menningar- og hugmyndagreining (36 ECTS), c) Miðlun og markaður (54 ECTS) og d) Sjálfstæð verkefni (30 ECTS). Frjálst val nemenda er síðan uppá 30 ECTS þar sem nemendur geta t.d. tekið námskeið úr öðrum námslínunum, allt eftir framboði hverju sinni, eða farið í 6 ECTS starfsnám.

Skyldunámskeið í miðlun og almannatengslum		
Aðferðir, vinnubrögð og stjórnun (30)	Aðferðafræði	6
	Upplýsingatækni	4
	Framsækni og tjáning	2
	Sjáfbærni og samfélagsábyrgð	6
	Þjónandi forysta og stjórnun	6
	Tölfræði	6
Samfélagsmenningar- og hugmynda- greining (36)	Menningarfræði	6
	Hagnýt rökfræði og gagnrýnin hugsun	6
	Siðfræði	6
	Stjórnsmál og stjórnkerfi	6
	Íslensk stjórnsmál	6
	International politics	6
Miðlun og markaður (54)	Almannatengsl I: Samtal við umhverfið	6
	Almannatengsl II: Krísustjórnun	6
	Miðlun I: Fjölmiðlar og samfélag	6
	Miðlun II: Áhrif fjölmiðla	6
	Fjölmiðlafærni	6
	Skapandi skrif og sala hugmynda	6
	Fjölmiðlar, siðferði og lög	6
	Massamiðlun	6
	Starfræn markaðssetning	6
Verkefni (30)	Misserisverkefni 1	8
	Misserisverkefni 2	8
	BA-ritgerð	14
Skyldunám samtals		150
Valnámskeið (frjálst val) / Starfsnám		30
Samtals		180

Nemendur í miðlun og almannatengsl geta tekið valnámskeið (t.d. úr öðrum námslínunum; viðskiptafræði, viðskiptalögfræði, HHS) sem verða í boði hverju sinni. Það er þó háð framboði og skipulagi hvaða námskeið er um að ræða.

Öll feitletruð námskeið í töflunni fyrir neðan eru skyldunámskeið sem nemendur skulu ávallt setja í forgang, til þess að halda skipulagi, svo ekki komi til óþarfa seinkunar á námslokum.

Námsferill eftir önnum og námsárum – miðlun og almannatengsl

Haut 1. ár	ECTS	Lota	Vor 1. ár	ECTS	Lota	Sumar 1. ár	ECTS	Lota
Upplýsingatækni	4	1	Fjölmiðlafærni	6	1	Misserisverkefni	8	1
Framsækni og tjáning	2	1	Almannatengsl I: Samtal við umhverfið	6	1	Valnámskeið	6	2
Stjórnmal og stjórnkerfi	6	1	Tölfræði	6	Löng	Valnámskeið	6	3
Hagnýt rökfræði og gagnrýnin hugsun	6	Löng	Siðfræði	6	2			
Aðferðafræði	6	2	Miðlun I: Fjölmiðlar og samfélag	6	2			
Íslensk stjórnmal	6	2						
	30			30			20	
Haut 2. ár	ECTS	Lota	Vor 2. ár	ECTS	Lota	Sumar 2. ár	ECTS	Lota
International politics	6	1	Massamiðlun	6	1	Misserisverkefni	8	1
Skapandi skrif og sala hugmynda	6	1	Menningarfræði	6	1	Valnámskeið	6	2
Almannatengsl II: Krisustjórnun	6	Löng	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	6	Löng	Valnámskeið	6	3
Miðlun II: Áhrif fjölmiðla	6	2	Þjónandi forysta og stjórnun	6	2			
Stafræn markaðssetning	6	2	Fjölmiðlar, siðferði og lög	6	2			
	30			30			20	
Haut 3. ár	ECTS	Lota						
BA-ritgerð	14	Löng						
Valnámskeið	6							
	20							

5. *Diplóma – Opinber stjórnýsla*

5.1. Lýsing á námsbraut

Diplómanám í opinberri stjórnýsly er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Fræðsluseturs Starfsmenntar. Námsbrautin fléttar saman þrjár höfuðgreinar þeirra sem fást við rekstur þjóðarbúsins; lögfræði, stjórn málafræði og viðskiptafræði. Nemendur kynnast lagaumhverfi hins opinbera, öðlast skilning á pólitísku gangverki ríkisvaldsins og fá hagnýta þjálfun í margvíslegri rekstrarfærni. Allt eru það þættir sem nýtast starfsfólki hins opinbera til að dýpka skilning á samhengi opinbers rekstrar og öðlast nauðsynlega innsýn í stjórnýsly ríkis og sveitarfélaga.

Námið samanstendur af námskeiðum á sviði opinberrar stjórnýsly og þeirrar aðferðafræði sem nemendur þurfa að kunna tök á; námskeiðum í lögfræði sem koma inná stjórnýslyrétt, stjórnskipunarrétt, upplýsingalög og lög um persónuvernd; námskeiðum í viðskiptafræði í tengslum við vinnurétt, mannauðsstjórnun og verkefnastjórnun og síðan grunnnámskeið í stjórn málafræði og siðfræði.

Námið er tilvalið fyrir einstaklinga sem starfa nú þegar, eða hafa áhuga á að starfa hjá opinberum stofnunum og innan opinberrar stjórnýsly, bæði hjá ríki og sveitarfélögum eða á vettvangi stjórn mála, þar með talið innan stjórn málaflokka. Nám við Háskólann á Bifröst er verkefnadrifið og til þess fallið að þjálfa nemendur í að vinna sjálfstætt, sem og að vinna með hópi fólks.

Náminu lýkur með diplómagraðu í opinberri stjórnýsly (60 ECTS), sem uppfyllir skilyrði um diplómapróf, þrep 1.1 samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011. Nemendur geta jafnframt nýtt diplómagraðuna sem hluta af BA gráðu frá Félagsvísinda- og lagadeild.

5.2. Lokaviðmið námslínu í opinberri stjórnýsly

Lokaviðmið námslínu eru sett fram samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006.

Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt námsárangri sem fram kemur á útskriftarskírteini og í skírteinisviðauka.

Bekking

- Nemendur hafi skilning á grunnhugtökum opinberrar stjórnýsly og samspili stjórnýsly og samfélags
- Nemendur þekki sérstöðu íslenskrar stjórnýsly og hvernig hún hefur þróast í gegnum tíðina
- Nemendur hafi öðlast innsýn inn í lagalegt umhverfi íslenskrar stjórnýsly
- Nemendur þekki virkni opinberrar stjórnýsly innan stjórnkerfisins

-
- Átti sig á helstu gildum í opinberri stjórnsýslu

Leikni

Útskrifaðir nemendur geta beitt aðferðum og vinnubrögðum opinberrar stjórnsýslu í starfi innan opinberra stofnana og einnig í frekara námi.

- Nemendur hafa öðlast öryggi til sjálfstæðrar vinnu við margvísleg hagnýt viðfangsefni á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Nemendur eru þjálfaðir í meðferð upplýsinga og ýmissa gagna meðal annars m.t.t. lögbundinnar skjalavistunar og meðferð persónuupplýsinga
- Nemendur hafa fengið hvatningu til sjálfstæðrar hugsunar og þjálfun í greiningu og úrvinnslu krefjandi verkefna

Hæfni

Nemendur sem ljúka diplómagráðu í opinberri stjórnsýslu eru færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni til að takast á við ýmis verkefni innan opinberrar stjórnsýslu. Þeir búa yfir faglegri þekkingu sem gerir þeim kleift að halda áfram námi á bakkalárstigi.

- Nemendur geta unnið skipulega og samkvæmt verkáætlun í því skyni að ná markmiðum sem fela í sér skilning á undirstöðuatriðum opinberrar stjórnsýslu
- Nemendur eru þjálfaðir í teymis- og hópvinnu og kunna að vinna með jafningjum að lausn hagnýtra verkefna á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Nemendur eru færir um að takast á við ýmiss konar verkefni á sviði opinberrar stjórnsýslu og geti yfirfært þekkingu sína og leikni á störf sín hjá hinu opinbera
- Nemendur eru færir um að takast á við frekara nám og ljúka bakkalárnámi með því að bæta við sig 120 ECTS á grunnstigi við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Bifröst

5.3. Námsframvinda í diplóma í opinberri stjórnarsýslu (2 ár – 60 ECTS)

Diplómanám - Opinber stjórnarsýsla								
Haustönn 1	ECTS	Lota	Vorönn 1	ECTS	Lota	Sumarönn 1	ECTS	Lota
Upplýsingatækni	4	1	Verkefnastjórnun	6	1			
Framsækni – örugg tjáning	2	1	Opinber stjórnarsýsla II: Skjalastjórnun og rafræn stjórnarsýsla	6	Löng			
Opinber stjórnarsýsla I: Inngangur að opinberri stjórnarsýslu og stjórnskipunarrétti	6	Löng	Opinber stjórnarsýsla III: Stjórnarsýslu- og sveitarstjórnarréttur	6	2			
	12			18				
Haustönn 2	ECTS	Lota	Vorönn 2	ECTS	Lota	Sumarönn 2	ECTS	Lota
Stjórnsmál og stjórnkerfi	6	1	Opinber stjórnarsýsla V: Opinber vinnuréttur og mannauðsstjórnun	6	1	Lokaverkefni í opinberri stjórnarsýslu	4	2
Opinber stjórnarsýsla IV: Upplýsingalög og lög um persónuvernd	6	2	Siðfræði	6	2	Málstofa í opinberri stjórnarsýslu	2	3
	12			12			6	

Nemendum stendur einnig til boða að ljúka diplómagráðu á einu ári og taka þá öll námskeiðin í töflunni hér fyrir ofan.

6. BA í opinberri stjórnsýslu

6.1. Lýsing á námsbraut

Í BA námi í opinberri stjórnsýslu er fléttað saman þeim þremur höfuðgreinum sem fást við rekstur þjóðarbúsins; lögfræði, stjórn málafræði og viðskiptafræði. Nemendur kynnst lagaumhverfi hins opinbera, öðlast skilning á pólitísku gangverki ríkisvaldsins og fá hagnýta þjálfun í margvíslegri rekstrarfærni. Allt eru það þættir sem nýtast starfsfólki hins opinbera til að dýpka skilning á samhengi opinbers rekstrar og öðlast nauðsynlega innsýn í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Nemendur sækja námskeið á sviði opinberrar stjórnsýslu og þeirrar aðferðafræði sem þau þurfa að kunna skil á. Innan lögfræðinnar eru það námskeið í stjórnsýslurétti, stjórnskipunarréttim upplýsingalögum og lögum um persónuvernd. Þá eru námskeið í viðskiptafræði, svo sem er varðar vinnurétt, mannauðsstjórnun og verkefnastjórnun. Nemendur sækja enn fremur grunnnámskeið í stjórn málafræði og siðfræði og geta síðan valið á milli ýmissa námskeiða á sviði lögfræði, viðskipta, stjórn málafræði, hagfræði og heimspeki, svo eitthvað sé nefnt.

Námið er tilvalið fyrir þá sem starfa nú þegar, eða hafa áhuga á að starfa hjá opinberum stofnunum og innan opinberrar stjórnsýslu, bæði hjá ríki og sveitarfélögum eða á vettvangi stjórn mála, þar með talið innan stjórn málaflokka. Námið er hjá Háskólann á Bifröst er verkefnadrifið og ætlað að þjálfa nemendur til jafns í hópavinnu sem og í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námið er til BA-gráðu í opinberri stjórnsýslu (180 ECTS), sem uppfyllir skilyrði um diplómapróf, þrep 1.1 samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011. Nemendur sem lokið hafa diplómagraðu í opinberri stjórnsýslu fá þær einingar að fullu metnar og lokið BA í opinberri stjórnsýslu.

6.2. Lokaviðmið námslínu í opinberri stjórnsýslu

Lokaviðmið námslínu eru sett fram samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006.

Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt námsárangri sem fram kemur á útskriftarskírteini og í skírteinisviðauka

Þekking

Nemendur hafi

- skilning á grunnhugtökum opinberar stjórnsýslu og samspili stjórnsýslu og samfélags
- þekkingu á sérstöðu íslenskrar stjórnsýslu og hvernig hún hefur þróast í gegnum tíðina
- öðlast innsýn í lagalegt umhverfi íslenskrar stjórnsýslu
- þekkingu virkni opinberrar stjórnsýslu innan stjórnkerfisins
- getu til að átta sig á helstu gildum í opinberri stjórnsýslu.

-
- vald á helstu kenningum og annarri fræðilegri þekkingu á sviði stjórnsýslu- og stjórn málafræða

Leikni

Nemendur hafi

- getu til að beita aðferðum og vinnubrögðum opinberrar stjórnsýslu jafnt í frekara námi sem og í starfi innan opinberra stofnana.
- öðlast færni til sjálfstæðrar vinnu við margvísleg hagnýt viðfangsefni á sviði opinberrar stjórnsýslu
- hlotið þjálfun í meðferð upplýsinga og ýmissa gagna, meðal annars m.t.t. lögbundinnar skjalavistunar og meðferð persónuupplýsinga
- fengið hvatningu til sjálfstæðrar hugsunar og þjálfun í greiningu og úrvinnslu krefjandi verkefna
- getu til að beita aðferðum félagsvísinda á viðfangsefni stjórnsýslufræða

Hæfni

Nemendur hafi

- færni til að hagnýta þekkingu sína og leikni til að takast á við ýmis verkefni innan opinberrar stjórnsýslu.
- getu til að vinna skipulega og samkvæmt verkáætlun í því skyni að ná markmiðum sem fela í sér skilning á undirstöðuatriðum opinberrar stjórnsýslu
- hlotið þjálfun í teymis- og hópvinnu og kunnáttu til að vinna með öðrum að lausn hagnýtra verkefna á sviði opinberrar stjórnsýslu
- færni til að takast á við margvíslega flóru verkefna á sviði opinberrar stjórnsýslu og getu til að yfirfæra þekkingu sína og leikni á störf sín hjá hinu opinbera
- færni til að takast á við háskólanám á framhaldsstigi á sviði félagsvísinda.
- getu til að stunda rannsóknir á sviði stjórnsýslu- og stjórn málafræða. og séu búnir undir frekara háskólanám á því sviði.

6.3. Námsframvinda í BA í opinberri stjórnýslu – fullt nám

Fyrsta námsárið byggir nær eingöngu á skyldunámskeiðum, nema í lotu 3 á sumarönn. Á öðru námsári geta nemendur valið námskeið í hvorri lotu fyrir sig, bæði á haust- og vorönn en sumarönn er eingöngu skylda. Á haustönn á 3. ári skrifa nemendur BA-ritgerð og geta þar að auki valið eitt námskeið, hvort sem er í lotu 1 eða lotu 2 eða námskeið í langri lotu.

Námsframvinda – 1. ár								
Haustönn	ECTS	Lota	Vorönn	ECTS	Lota	Sumarönn	ECTS	Lota
Upplýsingatækni	4	1	Verkefnastjórnun	6	1	Misserisverkefni	8	1
Framsækni og tjáning	2	1	Kynjafræði	6	1	Samfélagsábyrgð og kynjuð fjárlagagerð	6	2
Stjórnsmál og stjórnkerfi	6	1	Opinber stjórnýsla II: Skjalastjórnun og rafræn stjórnýsla	6	Löng	Valnámskeið	6	3
Opinber stjórnýsla I: Inngangur að opinberri stjórnýslu og stjórnskipunarrétti	6	Löng	Opinber stjórnýsla III: Stjórnýslu- og sveitarstjórnarréttur	6	2			
Íslensk stjórnsmál	6	2	Siðfræði	6	2			
Aðferðafræði	6	2						
	30			30			20	

Námsframvinda – 2. ár								
Haustönn 2	ECTS	Lota	Vorönn 2	ECTS	Lota	Sumarönn 2	ECTS	Lota
Valnámskeið	6	1	Valnámskeið	6	1	Misserisverkefni	8	1
Rekstrarhagfræði	6	Löng	Tölfræði	6	Löng	Opinberir kjarasamningar og lagaumhverfi þeirra	6	2
Almenn lögfræði	6	Löng	Opinber stjórnýsla V: Opinber vinnuréttur og mannauðsstjórnun	6	Löng	Lokaverkefni í opinberri stjórnýslu	4	3
Opinber stjórnýsla IV: Upplýsingalög og lög um persónuvernd	6	2	Þjóðhagfræði	6	2	Málstofa í opinberri stjórnýslu	2	3
Valnámskeið	6	2	Valnámskeið	6	2			
	30			30			20	

Námsframvinda – 3. ár		
Haustönn 2	ECTS	Lota
Valnámskeið	6	
BA-ritgerð	14	Löng
	20	

Valnámskeið

Neðangreind námskeið eru tillögur að valnámskeiðum og útiloka ekki önnur námskeið (hafa skuli þó í huga að sum námskeið hafi forkröfur og það þurfi að skoðast í hverju tilfalli fyrir sig).

Nemendur skulu athuga að framboð á námskeiðum getur verið breytilegt á milli ára. Valnámskeið á sumarönn eru einnig breytileg á milli ára.

Haust - Lota 1	Vor, lota 1
Hagnýt stærðfræði (6 ECTS)	Reikningshald I (6 ECTS)
Efnahagssamruni Evrópu (6 ECTS)	Breytingastjórnun (6 ECTS)
International Politics (6 ECTS)	Economic growth and development (6 ECTS)
Alþjóðasamskipti (6 ECTS)	Samanburðarstjórnsmál (6 ECTS)
Skattaréttur I (6 ECTS)	Almenn lögfræði II (6 ECTS)
Samningaréttur (6 ECTS)	Almannatengsl I: Samtal við umhverfið (6 ECTS)*
	Fjölmiðlafærni (6 ECTS)
Haust - lota 2	Vor, lota 2
Innovation and entrepreneurship (6 ECTS)	Reikningshald II (forkrafa: Reikningshald I) (6 ECTS)
Þjónustustjórnun (6 ECTS)	Þjónandi forysta og stjórnun (6 ECTS)
Globalisation and financial institutions (6 ECTS)	Stjórnsýsluréttur II (6 ECTS)
Conflict and peace studies (6 ECTS)	Miðlun I: Fjölmiðlar og samfélag (6 ECTS)**
Félagaréttur (6 ECTS)	
Þjónustustjórnun (6 ECTS)	

*Í framhaldi af þessu námskeiði geta nemendur tekið Almannatengsl II: Krísustjórnun á haustönn á 3. ári

**Í framhaldi af þessu námskeiði geta nemendur tekið námskeiðið Miðlun II á haustönn á 3. ári

7. BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)

7.1. Almennt um námslínuna

Grunnnám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS) er þverfaglegt nám og nýtir aðferðir og viðhorf þriggja háskólagreina til að byggja upp þekkingu og skilning á samfélagi, menningu, stjórnmálum og atvinnulífi. HHS hefur að markmiði að búa nemendur undir þátttöku á atvinnumarkaði þar sem gerðar eru miklar kröfur og þróun er hröð. Námið veitir einnig góðan undirbúning að fjölbreytilegu framhaldsnámi á sviði hug- og félagsvísinda. Í því fléttast saman þrjár grunngreinar hug- og félagsvísinda sem oftast eru kenndar hver í sínu lagi. Með því að nýta aðferðir og innsýn þessara þriggja greina saman, verður til óvenjulegt og innihaldsríkt grunnnám sem gerir nemendum mögulegt að skilja hvernig ólík sjónarhorn fræðanna geta unnið saman.

Nemendur eru stöðugt hvattir til að þjálfra og þroska sjálfstæða hugsun og nýta sér greinarnar þrjár til þess. Nemendur ljúka að lágmarki 30 ECTS í hverri þeirra þriggja greina sem námið er sett saman úr. Nemendur í HHS eiga kost á tvenns konar valnámskeiðum. Annars vegar er hluti tilskilinna námskeiða í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði breytilegur, þ.e. námskeiðin þurfa að vera á fagsviðinu en viðfangsefni þeirra eru opin að öðru leyti. Hins vegar er gert ráð fyrir 20 ECTS frjálsum vali. Nemendur geta annað hvort notað það til að dýpka þekkingu sína í einhverri greinanna þriggja eða leitað út fyrir þær inn á svið lögfræði eða viðskiptafræði.

Námi lýkur með BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS, 180 ECTS), sem uppfyllir skilyrði um bakkalárpróf, þrep 1.2 samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður frá 2011. Námið veitir aðgang að framhaldsmenntun á meistarastigi sem takmarkast þó af reglum einstakra skóla um lágmarksfjölda eininga í hverri námsgrein, lágmarkseinkunnir og fleira.

7.2. Lokaviðmið námslínu í HHS

Lokaviðmið námslínu eru sett fram samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006.

Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur á útskriftarskírteini og í skírteinisviðauka.

Þekking

Við útskrift hafa nemendur náð tókum á aðferðum og kenningum sem einkenna samfélagslega greiningu heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Þeim er einnig ljós sú ábyrgð sem stefnumótandi áhrif faglegrar þekkingar þeirra færir þeim í starfi.

- Nemendur skilja og geta beitt grunnhugtökum greinanna þriggja og eru færir um að notfæra sér samspil þeirra og mismun í fræðilegu starfi.

- Nemendur átta sig á sérstökum skýringaraðferðum heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Þeir geta skilið á milli þeirra og átta sig á framlagi þessara þriggja greina til nýrrar þekkingar og vægi þess í fræðilegri umræðu.
- Nemendur þekkja sögu og sérstakt inntak greinanna þriggja og eru færir um að setja þær í víðara samhengi samfélagslegrar, menningarlegrar og fræðilegrar þróunar. Þeir geta nýtt sér þá leitar og upplýsingatækni sem viðtekin er á fagsviðinu.

Leikni

Útskrifaðir nemendur geta beitt aðferðum og vinnubrögðum félagsvísinda við greiningu og gagnaöflun jafnt í starfi sem frekara námi.

- Nemendur kunna að notfæra sér hugbúnað sem þróaður hefur verið til gagnavinnslu og greiningar á sviði heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði.
- Nemendur hafa öðlast öryggi til sjálfstæðrar vinnu og greiningar á viðfangsefnum tengdum greinunum þremur.
- Nemendur kunna að beita rökum, jafnt innan greinanna þriggja hvernar fyrir sig, sem í samspili þeirra þriggja þegar það á við.
- Nemendur kunna að beita aðferðum greinanna og eru um leið færir um að leggja sjálfstætt gagnrýnið mat á aðferðir.
- Nemendur eru þjálfaðir í meðferð upplýsinga og nýrra gagna. Þeir geta metið áreiðanleika þeirra og nýtt þær eins og við á. Í þessu sambandi geta þeir gert greinarmun á eigindlegum og meginndlegum rannsóknum, og textatúlkun.
- Nemendur hafa kynnt sér og geta notað öll helstu gagnasöfn hug- og félagsvísinda og hafa hlotið þá þjálfun sem nauðsynleg er til að hafa full not af slíkum söfnum.
- Nemendur hafa fengið hvatningu og þjálfun til sjálfstæðrar hugsunar og greiningar og hafa vanist því að sjálfstæði sé grundvallareiginleiki góðs rannsakanda.

Hæfni

Nemendur sem ljúka prófi í HHS eru færir um að hagnýta þekkingu sína við ólíkar aðstæður og skilyrði. Þeir búa yfir faglegri þekkingu sem gerir þeim kleift að halda áfram námi á meistara- og doktorsstigi og til að takast á við fjölbreytt verkefni í atvinnulífi.

- Nemendur eru færir um að takast á við frekara nám á sviði greinanna þriggja og hafa einnig hlotið viðeigandi grunnundirbúning fyrir framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda.
- Nemendur geta unnið skipulega og samkvæmt verkáætlun í því skyni að ná markmiðum sem fela í sér fræðilegan skilning á greinunum þremur.
- Nemendur eru þjálfaðir í teymis- og hópvinnu og kunna að vinna með jafningjum að lausn verkefna á sviði heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði og hafa getu til að vinna að samþættum verkefnum tengdum öðrum fagsviðum
- Nemendur eru þjálfaðir í miðlun og kynningu fræðilegra niðurstaðna og eru færir um að túlka niðurstöður á viðeigandi hátt.
- Nemendur eru færir um að takast á við stjórnunarlega ábyrgð og gera sér grein fyrir samfélagslegum, menningarlegum og pólitískum áhrifum ábyrgra stjórnarháttá.

7.3. Námsframvinda í HHS

Skyldunámskeið í HHS skiptast í fjóra meginflokka; a) Aðferðir, vinnubrögð og samfélagsábyrgð (30 ECTS); b) Heimspeki (30 ECTS), c) Hagfræði (30 ECTS), d) Stjórn málafræði (30 ECTS) og e) Verkefni. Frjálst val nemenda er síðan uppá 30 ECTS þar sem nemendur geta t.d. tekið námskeið úr öðrum námslínum, allt eftir framboði hverju sinni, eða farið í 6 ECTS starfsnám.

Skyldunámskeið í HHS		ECTS
Aðferðir, vinnubrögð og samfélagsábyrgð (30)	Aðferðafræði	6
	Upplýsingatækni	4
	Framsækni og tjáning	2
	Tölfræði	6
	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	6
	Kynjafræði (Gender studies)	6
Heimspeki (30)	Hagnýt rökfræði og gagnrýnin hugsun	6
	Siðfræði	6
	Stjórn málaheimspeki	6
	Hugmyndasaga	6
	Ancient philosophy	6
Hagfræði (30)	Rekstrarhagfræði	6
	Þjóðhagfræði	6
	Alþjóðahagfræði	6
	Game Theory	6
	Economic Growth and Development	6
Stjórn- málafræði (30)	Stjórn mála og stjórnkerfi	6
	Íslensk stjórn mála	6
	Samaburðarstjórn mála	6
	International politics	6
	Efnahagssamruni Evrópu	6
Verk- efni (30)	Misserisverkefni 1	8
	Misserisverkefni 2	8
	BA-ritgerð	14
Skyldunám samtals		150
Valnámskeið (frjálst val) / Starfsnám		30
Samtals		180

Nemendur í HHS geta tekið valnámskeið (t.d. úr öðrum námslínum; viðskiptafræði, viðskiptalögfræði, miðlun og almannatengsl) sem verða í boði hverju sinni. Það er þó háð framboði og skipulagi hvaða námskeið er um að ræða.

Öll feitletruð námskeið í töflunni fyrir neðan eru skyldunámskeið sem nemendur skulu ávallt setja í forgang til þess að halda skipulagi, svo ekki komi til óþarfa seinkunar á námslokum.

Námsferill eftir önnum og námsárum - HHS								
Haust 1. ár	ECTS	Lota	Vor 1. ár	ECTS	Lota	Sumar 1. ár	ECTS	Lota
Upplýsingatækni	4	1	Samanburðar- stjórnsmál	6	1	Misserisverkefni	8	1
Framsækni og tjáning	2	1	Stjórnsmálaheimspeki	6	1	Valnámskeið	6	2
Stjórnsmál og stjórnkerfi	6	1	Tölfræði	6	Löng	Valnámskeið	6	3
Hagnýt rökfræði og gagnrýnin hugsun	6	Löng	Siðfræði	6	2			
Aðferðafræði	6	2	Þjóðhagfræði	6	2			
Íslensk stjórnsmál	6	2						
	30			30			20	
Haust 2. ár	ECTS	Lota	Vor 2. ár	ECTS	Lota	Sumar 2. ár	ECTS	Lota
International politics	6	1	Gender studies	6	1	Misserisverkefni	8	1
Efnahagssamruni Evrópu	6	1	International economics	6	1	Valnámskeið	6	2
Rekstrarhagfræði	6	Löng	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	6	Löng	Valnámskeið	6	3
Ancient philosophy	6	2	Game theory	6	2			
Economic growth and development	6	2	Hugmyndasaga	6	2			
	30			30			20	
Haust 3. ár	ECTS	Lota						
BA-ritgerð	14	Löng						
Valnámskeið	6							
	20							

8. Námskeiðslýsingar

8.1. Námskeið haustönn – Lota 1

901.4.0.UPTN Upplýsingatækni

ECTS: 4

Kennari: Jón Freyr Jóhannsson, aðjúkt

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Námskeiðið er skyldunámskeið á fyrsta ári á öllum námslínunum.

Innihald og markmið

Þessu námskeiði er ætlað að auka nemendum færni í notkun upplýsingatækni í námi og starfi. Megináherslan verður á að nota Microsoft Excel forrit til lausna á hagnýtum verkefnum á sviði stærðfræði, fjármála og reksturs auk almennrar gagnameðhöndlunar. Auk efnis sem er tilgreint í kennsluáætlun verða einnig kynnt ýmis hugtök og viðfangsefni á sviði upplýsingatækni.

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- þekkja til og geta útskýrt nokkur helstu hugtök og viðfangsefni á sviði upplýsingatækni.
- þekkja og greina á milli algengra lausnaraðferða þar sem töflureiknar eru notaðir.
- geta beitt helstu verkfærum töflureiknis (Excel) markvisst við fjölbreytt viðfangsefni tengd námi og starfi.
- geta búið til líkön í Excel.
- geta beitt Word við markvissa uppsetningu ritgerða og skilaverkefna þ.m.t. að geta búið til heimildaskrár með aðferðum Word.
- geta búið til PowerPoint kynningar.
- hafa tileinkað sér tímasparandi og hagnýtar aðferðir.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 18.02.2016

901.2.0.FRAM Framsækni - örugg tjáning

ECTS: 2

Kennari: Sigríður Arnardóttir, stundakennari

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Námskeiðið er skyldunámskeið á fyrsta ári á öllum námslínunum.

Innihald og markmið

Hugmyndin að þessu hagnýta námskeiði er sótt aftur til hins svokallaða Bifrastaranda, en áratugum saman hafa útskrifast frá Bifröst nemendur sem urðu og eru forystufólk í atvinnulífinu og félagsmálafrömuðir. Margir úr þessum hópi hafa nefnt að sú þjálfun sem þeir fengu á Bifröst, m.a í ræðustól og í félagsstörfum hafi nýst þeim einstaklega vel. Ætlunin með þessu námskeiði er að vekja upp hinn gamla góða „Bifrastaranda“ sem svífur hér enn yfir vötnum. Við teljum að enginn skóli geti státað sig af eins miklu félagsstarfi í gegnum tíðina og Bifröst.

Farið verður í gegnum eftirfarandi þætti í námskeiðinu:

1. Að tjá sig af öryggi
2. Að koma vel fram í ræðustóli
3. Örugg framkoma á fundum og fjölmiðlum – hvað einkennir þá bestu?
4. Að koma vöru og eða þjónustu á framfæri
5. Samskiptafærni
6. Örugg framkoma – upptökur og verkefni
7. Hvað vil ég sem nemandi gera
8. Tjáning

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- geta tjáð sig af öryggi
- geta nýtt sér fjölmiðla, ráðstefnur og aðra viðburði til að koma sér á framfæri
- hafa öðlast samskiptafærni
- að geta undirbúið starfsferil sinn

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 18.02.2016

201.6.0.SAMN Samningaréttur

ECTS: 6

Kennari: Unnar Steinn Bjarndal, lektor

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í fyrri hluta námskeiðsins er fjallað almennt um samninga samkvæmt lögum nr. 7/1936 og öðrum meginreglum samningaréttar. Farið verður yfir reglur um loforð, ákvaðir og stofnun samninga. Auk þess verður fjallað um túlkun samninga. Undir þeirri umfjöllun verður meðal annars farið yfir reglur um túlkun staðlaðra samningsskilmála og áhrif ýmissar löggjafar á sviði neytendaverndar á túlkunarreglur. Farið verður yfir ógildingarreglur samningalaga nr. 7/1936 og reglur um brostnar forsendur. Í síðari hluta námskeiðsins er fyrst og fremst fjallað um kaup í skilningi laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Til samanburðar verður litið til helstu reglna um fasteignakaup samkvæmt lögum nr. 40/2002, neytendakaup skv. lögum nr. 48/2003 og þjónustukaup skv. lögum nr. 42/200. Farið verður yfir þær reglur sem gilda um vanefndir kaupsamninga og úrræði kaupanda og seljanda vegna vanefnda og áhersla lögð á vanefndarúrræði vegna galla.

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja grunnhugtök og meginreglur samninga- og kauparéttar
- Kunna skil á og geta beitt reglum samningaréttar á raunhæf og fræðileg álitaefni er vakna kunna í tengslum við samninga, stofnun þeirra og lok.
- Kunna skil á og geta beitt reglum kauparéttar á raunhæf og fræðileg álitaefni er vakna kunna í tengslum við vanefndir samninga.
- Geta notað grunnatriði samninga og kauparéttar við vinnslu fræðilegra verkefna
- Getu beitt grunnatriðum samninga og kauparéttar í gagnrýnum umræðum.

Námskeiðsupplýsingar bornar saman við núgildandi námskeiðslýsingu í kennslukerfi þann 4. febrúar 2018

203.6.0.SAMK Samkeppnisréttur

ECTS: 6

Kennari: Jóhanna Katrín Magnúsdóttir og Valgerður B Eggertsdóttir, stundakennarar

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í námskeiðinu verður fjallað um helstu efnisákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 og ákvæði sammingsins um Evrópubandalagið og Evrópska efnahagssvæðið um tengd atriði. Fjallað verður um uppruna og tilgang samkeppnisreglna, gildissvið þeirra og eftirfylgni. Fjallað verður um markaðsskilgreiningar og mat á efnahagslegum styrkleika fyrirtækja og að svo búnu um bann samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samningum og samstilltum aðgerðum og undanþágur frá því banni. Þá verður fjallað um bann laganna við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og gerð grein fyrir samrunaákvæðum þeirra og þeirri málsmeðferð sem af þeim leiðir. Því næst verður fjallað um þau ákvæði samkeppnislaga sem ætlað er að vinna gegn opinberum samkeppnishömlum og heimildir til að grípa til aðgerða gegn slíku. Loks verður farið yfir viðurlög við brotum á samkeppnislögum, einkaréttarleg úrræði og rannsóknarheimildir samkeppnisyfirvalda.

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa tileinkað sér grundvallarsjónarmið samkeppnisréttar
- Öðlast færni til að greina samkeppnisréttarleg álitaefni

Námskeiðsupplýsingar bornar saman við núgildandi námskeiðslýsingu í kennslukerfi þann 4. febrúar 2018

202.6.0.SKAT Skattaréttur I

ECTS: 6

Kennari: Ingibjörg Ingvadóttir, lektor og Ása Kristín Óskarsdóttir, stundakennari

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Á námskeiðinu er farið yfir grundvallaratriði í skattarétti; skatthugtakið og stjórnarskrárákvæði um skatta, réttarheimildir og lögskýringar í skattarétti, stofnanauppbyggingu skattkerfisins og málsmeðferðarreglur. Meginefni námskeiðsins er á sviði tekjuskatts, sbr. lög nr. 90/2003. Farið yfir helstu atriði varðandi staðgreiðslu opinberra gjalda og fjármagnstekjuskatt svo og skattlagningu einstaklinga utan rekstrar.

Kynntir verða fleiri skattar og nokkur helstu atriði í alþjóðlegum skattarétti auk áhrifa EES á íslenskan skattarétt. Rætt verður um aðra skatta en tekjuskatt og þá sérstaklega um staðgreiðslu og tryggingagjald. Áhersla er lögð á þjálfun í leit að hinum skattaréttarlega efniviði og fræðileg vinnubrögð.

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa öðlast góða þekkingu á grundvallaratriðum í skattarétti og geta gert meginhugtökum og meginreglum góð skil, s.s. skatthugtakinu og stjórnarskrárákvæðum um skatta
- Átta sig á og geta gert grein fyrir helstu stjórnsýslureglum og kæruleiðum í skattarétti
- Þekkja vel og geta sagt frá og beitt helstu ákvæðum tekjuskattslaganna varðandi skattlagningu einstaklinga með faglegum hætti
- Geta ráðlagt einstaklingum m.t.t. skattlagningar tekna
- Búa yfir nokkurri innsýn í alþjóðlegan skattarétt og geta greint frá meginatriðum
- Geta greint álitafni um einstök viðfangsefni námskeiðsins, rætt þau af skilningi og tekið rökstudda afstöðu til þeirra

Námskeiðsupplýsingar bornar saman við núgildandi námskeiðslýsingu í kennslukerfi þann 4. febrúar 2018

203.6.0.EVRR Evrópuréttur

ECTS: 6

Kennari: Jóhanna K. Magnúsdóttir, Valgerður B. Eggertsdóttir

Önn og lengd: Haust 3. ár

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám á háskólastigi.

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Í þessu námskeiði verður fjallað ítarlega um tilurð, stofnun og þróun Evrópubandalagsins og Evrópusambandsins (EB og ESB). Einnig verður fjallað um skipulag og stofnanir sambandsins, lagasetningarvald þess og réttarheimildir. Ítarlega verður fjallað um fjórfrelsið svokallaða og samskipti stofnana sambandsins. Einnig verður fjallað um tilurð, stofnun og þróun EES samningsins og stöðu Íslands innan sambandsins og þeirra meginreglna sem gilda við gildistöku gerða ESB hér á landi. Vikið verður að aðildarumsókn Íslands að ESB og aðildarferlið útskýrt. Í námskeiðinu er einnig að finna umfjöllun um Evrópskan vinnurétt.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga þátttakendur að:

- Þekkja og geta fjallað um sögu EB og ESB.
- Þekkja stofnanir ESB, samskipti þeirra innbyrðis og við aðildarríki sambandsins og geta greint á milli mismunandi hlutverka þeirra.
- Þekkja grundvallaratriði tengd aðildarumsókn Íslands að ESB.
- Geta fjallað um innra skipulag sambandsins og kröfur þess til aðildarríkja.
- Geta fjallað um lagasetningu innan ESB.
- Þekkja helstu atriði hins svokallaða fjórfrelsis og hafa hæfni til að greina meginreglurnar í dómum sem fjallað er um í námsefninu.
- Þekkja mikilvægustu atriðin varðandi áhrif Evrópureglna á íslenska réttarskipan (tengsl Evrópuréttar og landsréttar í gegnum EES samninginn).

301.6.0.ISOS Stjórnmal og stjornkerfi

ECTS: 6

Kennari: Eiríkur Bergmann, prófessor

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öllum námslínunum á fyrsta ári.

Innihald og markmið

Í þessu námskeiði er fjallað um helstu greiningartæki stjórnmálafræðinnar, farið ofan í kenningar í stjórnmálum, greint á milli ólíkra stjórnerfa og stiklað á stóru um sögu vestrænna stjórnmála. Hér eru hugmyndafræðileg átök til skoðunar og farið ofan í helstu meginstrauma á borð við frjálslýndisstefnu, íhaldsstefnu, sósíalisma, jafnaðarstefnu, þjóðernishyggju, femínisma, anarkisma og popúlisma. Farið í saumana á helstu þáttum í stjórnerfi og stjórnmálum ríkja, svo sem um stjórnskipan og kosningafyrirkomulag.

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Greint á milli helstu kenninga í stjórnmálum
- Skilið ólík stjórnerfi og flokkakerfi
- Greint á milli grundvallarþátta í stjórnerfi, Bandaríkjana, Bretlands, Frakklands, Þýskalands og á Norðurlöndum.
- Skilið á milli meginstrauma í pólitískri hugmyndafræði, einkum á Vesturlöndum

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 21.2.2018

307.6.0.SKAS Skapandi skrif og sala hugmynda / Ritlist og fréttaskrif

ECTS: 6

Önn: Haust, 2. ár – stutt lota

Kennari: NN

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Skyldunámskeið í miðlun og almannatengslum og byltingafræði. Valnámskeið í HHS.

Innihald og markmið

Í þessu námskeiði eru þjálfaðar aðferðir við að setja fram hugmyndir og skoðað hvernig hægt að gera þær að veruleika. Farið er í hugmyndavinnu auk framleiðslu og miðlun texta, þannig að nemendur séu meðvitaðir um sköpunarferlið bæði sem sem rannsókn á viðfangsefni og eigin vinnubrögðum.

Lærdómsviðmið

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- hafa hlotið þjálfun í að setja fram hugmyndir og vita hvernig þær eru gerðar að veruleika
- þekkja grundvallaratriði í skapandi skrifum
- hafa tekist á við skapandi skrif og að selja hugmyndir

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar: 2.5.2016

302.6.0.INTP International Politics (Alþjóðastjórnsmál)

ECTS: 6

Kennari: Magnús Árni Skjöld Magnússon, dósent

Önn og lengd: Haust, löng lota.

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Enska

Skyldunámskeið á öðru ári í miðlun og almannatengslum. Valnámskeið í HHS og byltingarfræði.

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er fjallað um sögu og uppbyggingu alþjóðakerfisins og mikilvægustu viðfangsefni alþjóðastjórnsmála. Helstu kenningum innan alþjóðasamskipta er beitt til að greina stöðu mála í alþjóðastjórnsmálum á tímum hnattvæðingar og breyttra aðstæðna í kjölfar loka kalda stríðsins. Námskeiðið hefst á umfjöllun um tengsl alþjóðastjórnsmála og hnattvæðingar, en síðan verður farið yfir sögu og uppbyggingu alþjóðakerfisins og helstu kenningar verða rifjaðar upp. Fjallað verður hlutverk hinna ólíku aðila sem eru gerendur í alþjóðastjórnsmálum, bæði sjálfstæð ríki, alþjóðastofnanir, fjölþjóðleg fyrirtæki og frjáls félagasamtök. Í síðasta hluta námskeiðsins verður kastljósinu beint að einstökum málefnum, t.d. umhverfismálum, alþjóða viðskiptum og fátækt í þróunarríkjum, og skoðað hvernig þessi málefni tengjast alþjóðastjórnsmálum. Staða Íslands, sem smárikis, verður fléttað inn í fyrirlestra og umræður eins og við á.

Aim and content

In this course the history and structure of the international system will be discussed as well as key issues related to international politics. Main theories of international relations will be introduced and used to explain world politics after the Cold War and during a period of globalization. The role of the different actors in the international system will be examined, both states, international organizations, multilateral corporations and non-governmental organizations. In the second part of the course the lens will be narrowed down to specific issues of international politics, e.g. international environmental issues, international trade and poverty in the developing world. Iceland's place, as a small state, will be discussed in lectures and integrated into discussions where relevant.

Lærdómsviðmið / Learning outcomes

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa þekkingu á helstu viðfangsefnum alþjóðastjórnsmála
- Hafa skilning á alþjóðakerfinu, ríkjandi valdakerfi og þeim breytingum sem átt hafa sér stað síðustu áratugi
- Hafa þróað með sér færni til að beita kenningum alþjóðasamskipta til að skilja og greina flókin málefni sem falla innan ramma alþjóðastjórnsmála
- Students can describe and explain key issues related to international politics
- Students can understand and discuss the international system, current power structures and changes that have taken place in recent decades
- Students have skills to use theories of international relations to analyze complex issues related to international politics

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar: 29.4.2016

302.6.0.ESEV Efnahagssamruni Evrópu

ECTS: 6

Kennari: Eiríkur Bergmann, prófessor

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Íslenska

Valnámskeið í öllum námslínnum.

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er efnahags- og stjórnmálasamstarf Evrópuþjóða tekið til skoðunar. Fjallað er um sögulega þróun samstarfsins og helstu stefnumál Evrópusambandsins, svo sem tollabandalagið, innri markaðinn og tilkomu Efnahags- og myntbandalags Evrópu. Þá er rætt um stofnanalega uppbyggingu ESB og það reglugerðaverk sem samstarfið hvílir á. Loks er aðkoma Íslands að efnahagssamvinnu Evrópu greind í gegnum EFTA-samstarfið og EES-samninginn auk þess sem fjallað verður um yfirstandandi aðildarsamninga við Evrópusambandið.

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Skilja sögu Evrópusamstarfs eftir seinna stríð
- Skilja og geta rætt helstu einkenni, stofnanir og stefnumál Evrópusambandsins.
- Þekkja þátttöku Íslands í Evrópusamvinnu, svo sem hvað varðar EFTA og EES.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 4.5.2016

Opinber stjórnsýsla II: Skjalastjórnun og rafræn stjórnsýsla

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn: Haustönn, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Þessu námskeiði er ætlað að auka færni nemenda í skjalastjórnun og rafrænni stjórnsýslu innan opinberrar stjórnsýslu. Nemendur fá þjálfun í grundvallaratriðum í skjalastjórnun, einkum hvað snýr að kerfisbundnum skjalavistunarkerfum. Þá verður einnig fjallað um hlutverk Þjóðskjalasafns, stefnu stjórnvalda um rafræna stjórnsýslu og helstu lög og reglur er varða skjalavörslu. Einnig verður lögð áhersla á skipulag og framsetningu skjala í gæðakerfum, gerð verklagsreglna og uppsetning ýmissa skjala, s.s. vinnulýsinga, eyðublaða og gátlista, skipulag málaskráa og meðhöndlun einstaklingsmála. Jafnframt verður farið yfir varðveislu og eyðingu gagna.

Lærdómsviðmið

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að

- Átta sig á megintilgangi skjala- og upplýsingastjórnunar
- Kunna skil á helstu reglum um upplýsingar, skjöl og skjalasöfn
- Þekki til helstu atriða varðandi almenna skjalastjórnun og skjalavörslu

Leikni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að

- Geta beitt hagnýtum aðferðum við upplýsinga- og skjalastjórnun

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að

- Geta nýtt aðferðir skjalastjórnunar og rafrænnar stjórnsýslu til að efla skilvirkni og hagkvæmni í starfi

102.6.0.HSTA Hagnýt stærðfræði

ECTS: 6 Kennari: Jón Freyr Jóhannsson

Önn og lengd: Haustið, stutt lota

Forkröfur: Almenn stærðfræði framhaldsskóla/háskólagáttar.

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Námskeiðið veitir grunn fyrir áframhaldandi nám í fjármálum og hagfræði. Farið er í grunnatriði línulegra og ólínulegra falla og aðferðir við lausn þeirra. Stærðfræði fjármála, prósentur og vaxtavextir ásamt framtíðar- og núvirðisútreikningum. Farið er yfir aðferðir diffrunar til hámrörkunar og lágmörkunar með og án hliðarskilyrða og diffrun falla með mörgum breytistærðum, aðferð Lagrange kynnt. Fylkjareikningur og helstu aðferðir línulegrar algebru kynntar.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- geta fundið lausnir línulegra og ólínulegra falla og jöfnuhneppa
- geta leyst fjármálaleg viðfangsefni varðandi prósentu og vaxta útreikning.
- geta leyst hámrökunardæmi með eða án hliðarskilyrða
- geta leyst hámrökunardæmi með einni eða fleiri breytistærðum
- geta hagnýtt sér stærðfræði til lausnar hagrænna vandamála

109.6.0.NYÞR, Nýsköpun og þróun stafrænnar þjónustu

ECTS: 6

Kennari: Brynjar Þór Þorsteinsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Með tækniþróun og sér í lagi tækniframförum á sviði internetsins hefur hvers konar stafræn þjónusta rutt sér veg sem engan endi sér fyrir. Það er stutt síðan að fyrirtæki sem starfa eingöngu á internetinu og veita aðeins stafrænar vörur og þjónustu (e. Digital products and services eða e. Online service providers) eins og Facebook, Instagram, Google, eBay, Spotify, Snapchat, YouTube, QuizUp og LinkedIn komu inn á sjónarsviðið og hafa hlotið alheims athygli og eru orðin stór hluti hjá mörgum, sér í lagi af yngri kynslóðinni. Í námskeiðinu fær nemandinn að kynnast þeirri hagfræði og þeim kröftum sem búa að baki stafrænni þjónustu og hvernig er hægt að nýta sér fræðin til að byggja upp fyrirtæki sem býður eingöngu uppá stafræna þjónustu. Þá verða ýmis hugtök útskýrð og hvernig er hægt að færa efnið yfir á raunveruleg dæmi. Farið verður yfir aðferðir við nýsköpun og business model canvas verður til umfjöllunar ásamt að skoða umhverfi nýsköpunar með áherslu á tækni.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur geti lýst eðli og einkennum stafrænnar vöru og þjónustu
- Nemendur geti útskýrt helstu þætti í hagkerfi internetsins (e.internet economy) og þær áskoranir sem eru fyrir hendi
- Nemendur geti komið á og útskýrt eðli stafrænna vistkerfa og netvanga (e.digital ecosystems / platforms)
- Nemendur þekki og geti sagt frá helstu viðskiptalíkön þekktra internetfyrirtækja
- Nemendur þekki til og útskýrt aðferðir við alþjóðavæðingu stafrænnar vöru og þjónustu

Færnimarkmið

- Geti útskýrt grunnhugsun Business model canvas
- Geti útskýrt hvernig helstu aðferðir stafrænnar þjónustu eru nýttar og hrint í framkvæmd af stjórnendum á Íslandi og í alþjóðlegum rekstri
- Geti greint og sett fram stefnu í fyrirtæki með stafræna þjónustu og geti skilgreint markhópa þess
- Geti þróað og sett fram viðskiptahugmynd í kringum stafræna þjónustu með notkun tóla eins og Business model canvas
- Hafa þróað með sér uppbyggilega gagnrýni sem byggist á jákvæðni og faglegri greiningu á nokkrum helstu líkönum (aðferðum) þjónustufræðanna
- Geti skipst á skoðunum um nokkur helstu viðskiptalíkön á internetinu (e-business models)
- Vera fær um að takast á við stjórnunarstörf í þjónustufyrirtækjum.

102.6.0.STEV, Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlana

ECTS: 6

Kennari: Reynir Kristinsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Námskeiðið skiptist í þrjá meginþætti. Í fyrsta hluta er fjallað um mismunandi nálgun við stefnumótun einnig ytri og innri þætti sem ganga inn í stefnumótun fyrirtækja. Í öðrum hluta er rætt um mótun stefnu afkomueininga og samstæðu. Einnig er fjallað um ytri vöxt með sameiningum og stefnu utan heimalands. Í þriðja hluta er fjallað um innleiðingu stefnunnar með skipulagi og stjórnun. Að auki er fjallað um vinnslu og gerð viðskiptaáætlana.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- hafa öðlast þekkingu á mismunandi nálgun við stefnumótun og mótun stefnu á mismunandi stjórnstigum og þeim þáttum sem taka þarf tillit til við mótun stefnu rekstrareininga eða samstæðu.
- skynja tengsl milli stefnumótunar og stjórnunar fyrirtækja.
- geta gert grein fyrir kenningum fræðimanna um aðferðir við stefnumörkun og stjórnun skipulagsheilda og atvinnugreina, einkum forsendum og takmörkunum kenninga og aðferða.
- Vera færir um að skilgreina og afmarka vandamál námsefnisins, fjalla á gagnrýnan hátt um núverandi kenningar og aðferðir, að geta notfært sér aðferðir þar sem það á við og aðlagð og þróað viðteknar aðferðir þar sem nauðsynlegt reynist.
- Hafa öðlast víðsýni gagnvart námsefninu, þ.e. að véfengja á gagnrýnan og skapandi hátt viðteknar skoðanir og viðmið skipulagsheilda, atvinnulífs og þjóðfélagsins um hvað séu réttar aðferðir við stjórnun og lausn viðfangsefna er varða stefnumótun.

902.6.0.INEN, Innovation and Entrepreneurship

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Enska

Aims and description

The aim of the course is to introduce entrepreneurial and innovative thinking to stimulate participants to be creative and to master the basics in writing business plans. Theories of entrepreneurship and innovation will be introduced and how they can be applied. Social entrepreneurship and its importance for societies will be presented and case studies discussed. Social entrepreneurship not only generates entrepreneurial or corporate income but also aims for solving societal problems, generating social wealth. Entrepreneurship in the context of genders and sustainability will also be emphasised. The evaluation in the course is 100% based on projects, where students come up with new business ideas which they then evaluate and develop over the timeframe of the course. The groups are taken through creative thinking, helping them to come up with new business ideas in cooperation with their peers. A simple business plan will be written around the ideas. The results are presented to the peers, instructors and potential investors (if applicable). The course addresses therefore both a theoretical perspective of innovation and entrepreneurship and a practical training, giving students a hands-on experience related to innovation and entrepreneurship.

Learning outcomes – by end of course a student shall show capability in the following
Knowledge - Skills – Competence (Icelandic: þekking, leikni, hæfni)

Knowledge: After completion of the course the students shall be able to:

- A. apply the basic concepts of innovation and entrepreneurship
- B. explain what social entrepreneurship is

Skills: After completing the course students shall be able to:

- C. discuss new opportunities applying a creative approach
- D. exchange ideas related to innovation and entrepreneurship and discuss challenges

Competences: After completing the course students shall be able to:

- E. writing simple business plans
- F. communicating their business ideas

104.6.0.ÞSTJ, Þjónustustjórnun

ECTS: 6 Kennari: Brynjar Þór Þorsteinsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Inngangsnámskeið í þjónustustjórnun sem ætlað er að kynna helstu grunnhugtök og aðferðir sem er nauðsynlegt að þekkja og geta beitt til að ná árangri við stjórnun þjónustufyrirtækja.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur eiga að skilja og geta útskýrt helstu líkön um þjónustufyrirtæki
- Nemendur þekki helstu kenningar um þjónustustjórnun
- Nemendur skilji eðli og einkenni þjónustu og mikilvægi hennar í samfélaginu
- Nemendur eiga að þekkja helstu hugtök um ánægju viðskiptavina
- Nemendur kunni skil á tengslum tækni og þjónustu
- Nemendur geti greint gæði þjónustu með aðstoð þekktra þjónustulíkana
- Nemendur þekki helstu útfærslur á stefnu þjónustufyrirtækja og mótun hennar
- Nemendur geti þróað nýja þjónustu og tengt við nýsköpun fyrirtækja

Færni

- Geti útskýrt grunnhugsun algengra þjónustulíkana
- Geti útskýrt hvernig helstu aðferðir þjónustustjórnunar eru nýttar og hrint í framkvæmd af stjórnendum á Íslandi og í alþjóðlegum rekstri
- Geti greint og sett fram þjónustustefnu í fyrirtæki
- Hafa þróað gagnaöflunarfærni og framsetningu (kynningu) efnis með verkefnum og hópvinnu
- Hafa þróað með sér uppbyggilega gagnrýni sem byggist á jákvæðni og faglegri greiningu á nokkrum helstu líkönum (aðferðum) þjónustufræðanna
- Geti skipst á skoðunum um nokkur helstu líkön þjónustufræðanna
- Vera fær um að takast á við stjórnunarstörf í þjónustufyrirtækjum

112.6.0.INCO, Intercultural Communication (Alþjóðasamskipti)

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Enska

Aims and description

Become a more willing, flexible, and thoughtful communicator in intercultural interactions. This course is designed to equip you with the understanding of basic concepts and principles of intercultural communication, which should assist you in interacting effectively and appropriately with people from various cultural backgrounds. It will also help you understand various dimensions of intercultural communication related to both domestic and international contexts. The course draws from multiple perspectives such as social scientific, humanistic, and rhetorical/critical.

Learning Outcomes

- During this course, you should put forth efforts to:
- Understand the complex relationship between culture and communication
- Discover the importance of context and power in intercultural communication
- Investigate or explore how your own cultural identity has been formed through communication
- Examine the influence of your own cultural group regarding the way you communicate with members of other cultural groups
- Become a more willing, flexible, and thoughtful communicator in intercultural interactions.

104.6.0.MAF1 Markaðsfræði I

ECTS: 6

Kennari: Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Hausti, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum markaðshugtakið og þau atriði sem tengjast því í rekstri, stjórnun og stefnumótun fyrirtækja. Farið verður yfir grunnhugtök markaðsfærslu, ferli og kenningar og helstu módel útskýrð. Gerð markaðsáætlunar verður kynnt og mikilvægi stefnumótunar í markaðsstarfi. Einnig verður fjallað um þróun á tækni og nýjungum í markaðsfræðum á síðustu árum.

Lærdómsviðmið

Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi Í lok námskeiðs eiga nemendur að þekkja og hafa skilning á helstu hugtökum markaðsfræðinnar og þeirra kenninga sem helst er stuðst við í markaðsstarfi. Nemendur eiga að geta útbúið ítarlega markaðsáætlun og rökstutt framkvæmd hennar. Sýna skal skilning á stefnumótun í markaðsstarfi við mismunandi aðstæður.

104.6.0.NEMA, Neytendahegðun og markaðsrannsóknir

ECTS: 6

Kennari: Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Að veita nemendum skilning á mikilvægu hlutverki markaðsrannsókna innan fyrirtækja og sýna fram á hvernig markaðsrannsóknir geta bætt ákvarðanatöku stjórnenda fyrirtækja. Farið verður yfir markaðsrannsóknarferlið þar sem nemendur verða kynntir fyrir þeim fjölmörgu viðfangsefnum sem framkvæmd markaðsrannsóknar felur í sér. Einnig veitir þessi áfangi nemendum sterka stoð í framkvæmd markaðsrannsókna fyrir eigin rannsóknarvinnu við skrif lokaritgerða á háskólastigi. Einnig gefur námskeiðið innsýn í fjölmarga innan- og utanaðkomandi þætti sem hafa áhrif á viðhorf og hegðun neytenda og hvernig þekkingu á þessum þáttum megi nýta við markaðssetningu vöru og þjónustu. Við lok námskeiðs munu nemendur hafa öðlast dýpri þekkingu á markaðsfræði, hlutverki markaðsrannsókna og samspili þeirra við hegðun neytenda og almennum viðfangsefnum sem markaðsstjórar standa frammi fyrir í markaðslegum ákvörðunum sínum.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Skilja mikilvægi markaðsrannsókna innan fyrirtækja og vita hvernig markaðsrannsóknir geta bætt ákvarðanatöku stjórnenda fyrirtækja
- Kunna skil á markaðsrannsóknarferlinu og þeim viðfangsefnum sem framkvæmd markaðsrannsókna felur í sér
- Geta borið kennsl á og metið mismunandi tegundir markaðsrannsóknarferða
- Vera með innsýn í fjölmarga innan- og utanaðkomandi þætti sem hafa áhrif á viðhorf og hegðun neytenda.

Færnimarkmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta framkvæmt markaðsrannsókn með öllum þeim þáttum sem markaðsrannsóknarferlið felur í sér
- Geta notað þekkingu sína á undirliggjandi þáttum sem hafa áhrif á hegðun neytenda til að markaðssetja vöru og þjónustu.

8.2. Námskeið haustönn – Löng lota

201.6.0.ALM1 Almenn lögfræði I

Önn og lengd: Haust 1. ár – löng lota, 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska, einnig vísað til heimilda á dönsku og ensku

Kennari: Ingibjörg Ingvadóttir

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Á námskeiðinu er fengist við hina lagalegu aðferð eða aðferðafræðina við að finna og beita lagareglum. Lögfræði sem fræðigrein er kynnt, fjallað um fræðikerfi lögfræðinnar og ýmis grundvallarhugtök. Meginviðfangsefni námskeiðsins lýtur að heimildum íslensks réttar. Ítarlega verður fjallað um réttarheimildarhugtakið og tegundir réttarheimilda. Þá verður fjallað um handhafa ríkisvaldsins og mismunandi aðkomu þeirra að mótun réttarreglna.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa öðlast skilning á lögfræði sem fræðigrein, þekkja og geta útskýrt fræðikerfi lögfræðinnar og ýmis grundvallarhugtök
- Þekkja vel, skilja og geta gert grein fyrir og beitt réttarheimildum íslensks réttar
- Átta sig á þætti ólíkra aðila við mótun réttarins og stöðu þjóðréttarsamninga í íslenskum rétti
- Hafa öðlast nokkra færni í að finna og beita lögfræðilegum gögnum og aðferðum við úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna.

901.6.0.FJM1 Fjármál I

Önn og lengd: Hausti 2. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptafræði – Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám á háskólastigi.

Tungumál: Íslenska

Kennari: Stefán Kalmansson, aðjúnkt

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptalögfræði

Innihald og markmið

Farið verður yfir mismunandi aðferðir við mat á verkefnum/fjárfestingavalkostum með það fyrir augum að kanna arðsemi þeirra. Ennfremur hvernig forgangsraða má mismunandi fjárfestingavalkostum út frá arðsemi og áhættu. Farið verður yfir áhrif verðbólgu og skatta á arðsemi fjárfestingavalkosta. Núvirðing fjárfestingavalkosta, núvirðing hluta- og skuldabréfa ásamt áhættu- og næmigreiningu slíkra valkosta. Mat á áhættu og samspil áhættu og viðeigandi ávöxtunarkröfu. Skilvirkni markaða og inngangur að langtímafjármögnun.

Lærdómsviðmið

Þekkingarmarkmið

Nemendur eiga að geta gert grein fyrir helstu hugtökum arðsemisgreiningar.

Nemendur eiga að geta beitt helstu aðferðum við mat fjárfestingavalkosta og takmörkun hvernar aðferðar fyrir sig.

Nemendur eiga að geta útskýrt tengsl ávöxtunar og áhættu

Færnimarkmið

Nemendur eiga að geta reiknað framtíðarvirði (FV), núvirði (PV) og nettó núvirði (NPV)

Nemendur eiga að geta stillt upp greiðsluflæði og metið arðsemi.

Nemendur eiga að geta reiknað út ávöxtunarkröfu verkefna/fjárfestingavalkosta miðað við mismunandi áhættu og fjármagnsskipan.

901.6.0.RHAG Rekstrarhagfræði

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Haust, löng lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skuldunámskeið á fyrsta ári í BS í viðskiptafræði og í HHS en valnámskeið í miðlun og almannatengslum

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er fjallað um meginþætti rekstrarhagfræðinnar og aðferðafræði hennar. Fjallað er um undirstöðuhugtök eins og framboð og eftirspurn og jafnvægi á markaði. Könnuð eru áhrif stjórnvalda á niðurstöðu markaðar. Fjallað er um skattlagningar og gildi alþjóðaviðskipta. Lýst er ytri áhrifum á markaði og fjallað um almannagæði og sameiginlegar auðlindir. Fjallað er ítarlega um starfsemi fyrirtækja, framleiðsluföll þeirra og kostnaðarföll. Gerð er ítarleg grein fyrir vali neytenda á markaði og áhrifum breytinga á verði og tekjum neytenda. Farið er ítarlega yfir ólík samkeppnisskilyrði á markaði, fullkomna samkeppni, einkasölu, fákeppni og einkasölusamkeppni og viðbrögð fyrirtækja við ólíkum aðstæðum í þessu efni. Gerð er grein fyrir framleiðsluþáttum og mörkuðum fyrir vinnuafli og fjármagn. Að lokum er fjallað um tengsl hagfræði við aðrar fræðigreinar, ósamhverfar upplýsingar, hagfræði stjórnmalanna og atferlishagfræði. Markmið námskeiðsins er að bjóða upp á yfirgripsmikið nám í grunnþáttum rekstrarhagfræðinnar.

Lærdómsviðmið

Þekking

Við lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemandi hafi öðlast kunnáttu og skilning á helstu kenningum og hugtökum í námskeiðinu. Nemandi á að geta miðlað kunnáttu sinni með því að geta skýrt út viðfangsefni námskeiðsins. Gert er ráð fyrir að nemendur:

Kunni skil á helstu lögmálum hagfræðinnar.

Hafi skilning á markaðsöflum og hvernig jafnvægi næst á mörkuðum.

Skilji aðstæður þegar markaður verður fyrir truflunum og hvernig gæðum er ráðstafað þegar markaður er ekki fyrir hendi.

Kunni skil á helstu kenningum um fyrirtækið, framleiðslu og kostnað og átti sig á starfsemi fyrirtækja á markaði.

Skilji helstu kenningar hagfræðinnar um áhrif skatta og tolla.

Geti lýst atferli neytenda gagnvart breytingum á markaðsverði og tekjubreytingum.

Leikni

Séu færir um að nýta sér kenningar rekstrarhagfræðinnar við töku ákvarðana.

Geti sett fram og fært sér í nyt hagnýt líkön í rekstrarhagfræði.

Hafi tök á að greina atferli neytenda og starfsemi fyrirtækja á markaði

Geti lýst verðstefnu fyrirtækja í ljósi kenninga rekstrarhagfræðinnar við ólík samkeppnisskilyrði á markaði.

Hæfni

Nemendur öðlist getu til að nýta hugtök, kenningar og aðferðir rekstrarhagfræði við greiningu hagrænna viðfangsefna.

Nemendur hafi nafi náð tökum á að leysa hagnýt verkefni sem snúa að starfsemi fyrirtækja á markaði og atferli neytenda.

Hafi þróað með sér hæfni og sjálfstæð vinnubrögð fyrir frekara nám á sviði hagfræði og viðskipta.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 16.06.2016

301.6.0.HRÖK Hagnýt rökfræði og gagnrýnin hugsun

ECTS: 6

Kennari: Elsa Haraldsdóttir, stundakennari

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Námskeiðið er skylda á fyrsta ári í HHS og miðlun og almannatengslum en val í byltingafræði.

Innihald og markmið

Meginmarkmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum meginhugtök og –aðferðir rökfræðinnar, bæði *afleiðslurökfræði* (deductive logic) og *tilleiðslurökfræði* (inductive logic). Þá verður einning kynnt stuttlega svokölluð *ákvarðanafræði* (decision theory). Markmiðið er að nemendur kunni þannig skil á “tungumáli” rökfræðinnar að þeir geti gert sér grein fyrir hlutverki rökfræðilegrar framsetningar í heimspekilegum skrifum, sér í lagi hvað varðar afleiðslurökfræði, og öðlist færni í gagnrýninni hugsun varðandi notkun tilleiðslurökfræði í félagsvísindum. Ekki er ætlast til þess að nemendur hafi fyrirfram neinn grunn í rökfræði eða stærðfræði, heldur ætti námskeiðið að vera gagnlegt öllum sem áhuga hafa á rökfræði og tengslum hennar við heimspeki og félagsvísindi.

Lærdómsviðmið

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Þekkja meginhugtök og aðferðir rökfræðinnar
- Skilja hlutverk rökfræðilegrar framsetningar í heimspekilegum skrifum
- Hafa færni til að beita gagnrýnni hugsun varðandi notkun rökfræði í hug- og félagsvísindum

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 10.3.2016

307.6.0.ALKS Almannaþing II: Krísustjórnun

ECTS: 6

Önn: Hausti, 2. ár – stutt lota

Kennari: NN

Forkröfur: 60 ECTS, Almannaþing I

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Innihald og markmið

Þegar skipulagsheildir verða fyrir áföllum gætir áhrifa jafnt utan þeirra sem innan. Þau geta varðað ólíka aðila sem öllu jöfnu standa fjarri þeim sem verða beint fyrir áfallinu og því reynir mjög á margþætt félagsleg samskipti. Á námskeiðinu er fjallað um undirstöðuhugmyndir um áfallastjórnun, mikilvægi samskipta og ágæti ólíkra samskiptaleiða við mismunandi aðstæður. Lykilhugtök eru stöðumat, óreiða, haghafar og upplýsingagjöf. Lögð er áhersla á fræði og framkvæmd og verður skoðað hvernig bregðast á við þegar áföll dynja á eða flóknar aðstæður koma upp. Í námskeiðinu bæta nemendur bæði við fræðilega þekkingu sína en efla einnig færni og getu til að miðla upplýsingum með mismunandi aðferðum á árangursríkan hátt.

Lærdómsviðmið

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Geta heimfært fræðilega kunnáttu á raunverulegar aðstæður
- Geta tekið þátt í greiningu á mati á stöðu, aðstæðum og haghöfum
- Skilja mikilvægi einfaldra skilaboða við óvenjulegar aðstæður
- Geta sett fram tímabundnar samskiptaáætlanir fyrir mismunandi stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök og fylgja eftir við erfiðar og síbreytilegar aðstæður.
- Að geta greint á milli ólíkra tegunda samskipta- og miðlunarleiða við erfiðar og breytilegar aðstæður.

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar 21.2.2018

Opinber stjórnsýsla I: Inngangur að stjórnsýslu- og stjórnskipunarrétti

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn: Haustönn

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Á námskeiðinu verður fjallað um megineinkenni íslenskrar stjórnskipunar skv. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sbr. lög nr. 33/1944 og fjallað um íslenska stjórnkerfið í víðu samhengi. Á námskeiðinu er annars vegar fjallað um stjórnsýsurétt en innan þess réttarsviðs fellur grundvallaruppbygging stjórnkerfisins og helstu verkefni stjórnsýslunnar. Fjallað er um tvískiptingu stjórnsýslustigsins í ríkisvald og sveitarfélög og verkaskiptingu þar á milli. Fjallað er um þrískiptingu ríkisvaldsins og hvernig ætlast er til að hver valdaeining veiti annarri aðhald. Fjallað er um skipulag ráðuneyta og ríkisstofnana og um hlutverk þeirra samkvæmt lögum. Á námskeiðinu verður jafnframt fjallað um grundvallarhugtök stjórnsýsluréttarins. Víkið verður að tilurð, skýringu og gildissviði stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fjallað verður um málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga og feril stjórnsýslumáls. Loks verður fjallað um upplýsingalögin og nýjar persónuverndarreglur.

Lærdómsviðmið

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Gera sér grein fyrir helstu álitaeftum á sviði stjórnskipunarréttar
- Hafa góða yfirsýn yfir stjórnskipun Íslands, þekkja ákvæði og uppbyggingu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og geta gert grein fyrir efni hennar.
- Geta fjallað um þrískiptingu ríkisvalds og valdsviðs stofnana og gert grein fyrir því hvernig hver valdaeining veitir annarri aðhald.
- Átta sig á helstu hugtökum og gildum stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar
- Hafa yfirsýn yfir helstu verkefni stjórnvalda og það hvernig opinber stjórnsýsla markast af laga- og regluumhverfi.

Leikni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Hafa öðlast færni til að beita meginreglum stjórnsýsluréttar á einföld raunhæf verkefni
- Hafa færni í greina hvenær um lögfræðileg álitamál er að ræða innan stjórnsýslu- og stjórnskipunarréttar

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Vera færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni í stjórnsýslu- og stjórnskipunarrétti þannig að það nýtist þeim í starfi og

Geta aðstoðað við að leysa úr lögfræðilegum álitaeftum á sviði stjórnsýslu- og stjórnskipunarréttar

8.3. Námskeið haustönn – Lota 2

901.6.0.ADFE Aðferðafræði

ECTS: 6

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Kennari: Þóra Þorgeirsdóttir, stundakennari

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Námskeiðið er skyldunámskeið á fyrsta ári á öllum námslínunum.

Innihald og markmið

Námskeiðið er inngangsnámskeið í aðferðafræði félagsvísinda og er ætlað að kynna helstu grunnhugtök aðferðafræðinnar, uppbyggingu ritsmíða, námstækni, skipulagningu og vinnulag við gerð stærri verkefna á borð við misserisverkefni.

Megináhersla er lögð á að kenna nemendum á þau verkfæri sem nýtast þeim í námi og starfi, við verkefnavinnu og úrlausn hagnýtra viðfangsefna. Lögð er áhersla á þjálfun í akademískri ritun og nemendur kynnast ferlinu við undirbúning og framkvæmd verkefna (einkum misserisverkefna), val og afmörkun viðfangsefnis, framsetningu rannsóknarspurninga, rannsóknarmarkmiða og tilgátusmið.

Nemendur kynnast ólíkum rannsóknaraðferðum, bæði meginlegum og eigindlegum, sem og vinnu við fræðileg verkefni og greiningu á fyrirbyggjandi gögnum. Nemendur munu öðlast þjálfun í gerð spurningalista, undirbúning fyrir viðtöl og helstu atriði er varðar raundæmisrannsóknir (Case study) og hinar ýmsu gerðir vettvangsathugana (observation) sem og gerð fræðilegra verkefna. Einnig verður farið í grunnatriði meginlegra rannsókna; uppbyggingu, fyrirlögn og úrvinnslu spurningakönnunar. Jafnframt munu nemendur fá þjálfun í vönduðum vinnubrögðum hvað varðar gerð rannsóknaráætlunar, gagnaöflun og notkun Zotero við heimildaskráningu, heimildaleit og kynningu á verkefnum. Öll þessi verkfæri verða tengd gerð misserisverkefna í gegnum verkefnavinnu námskeiðs.

Lögð er sérstök áhersla á að nemendur verði meðvitaðir um siðferðileg álitamál rannsókna, s.s. höfundarétt, nafnleynd, meðferð og vernd persónugreinanlegra upplýsinga, takmarkanir rannsóknaraðferða (eðli þeirra og hvenær nýta skuli slíkar aðferðir í gagnaöflun), innra og ytra réttmæti og áreiðanleika rannsókna, sem og starfsemi persónuverndar og Vísindasiðanefndar.

Lærdómsviðmið

Þekking og skilningur

Eftir námskeiði eiga nemendur að:

- Skilja og geta gert grein fyrir helstu grunnhugtökum aðferðafræðinnar
- Geta útskýrt muninn á eigindlegum og meginlegum rannsóknaraðferðum og geta greint mun á ólíkum rannsóknarsniðum
- Skilja eðli fræðigreina og annars fræðilegs efnis og átta sig á muninum á fræðilegum texta og texta almenns eðlis
- Vera meðvituð um siðferðileg álitamál í rannsóknum

Færnimarkmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

-
- Tileinka sér fagleg vinnubrögð við val og mat á heimildum og öðlast þjálfun í heimildaleit og notkun gagnagrunna
 - Hafa öðlast þjálfun í akademískri ritun (gerð fræðilegra verkefna) og geta gert greinarmun á fræðilegum texta og texta almenns eðlis
 - Hafa öðlast þjálfun í lestri fræðigreina og greiningu á ólíkum tegundum heimilda
 - Hafa náð tókum á beitingu ólíkra rannsóknaraðferða
 - Geta gert rannsóknaráætlun og geta rökstutt val sitt á aðferð við gagnaöflun
 - Geta skráð heimildir samkvæmt APA kerfinu
 - Vera reiðubúin í að vinna stærri verkefni á borð við misserisverkefni

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 18.02.2016

201.6.0.INAR Inngangur að réttarfari

Önn og lengd: Vor 1. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: Hákon Þorsteinsson

Skyldunámskeið

Innihald og markmið

Á námskeiðinu verður fjallað um meginreglur réttarfars ásamt því að þjálfa frekar beitingu réttarheimilda, lögskýringargagna og reifanir dóma. Þá er farið yfir löggjöf um einkamálaréttarfar og fjallað um þær reglur sem gilda um rekstur einkamála frá útgáfu stefnu til uppkvaðningar dóms. Veitt verður innsýn inn í almennar reglur um fullnustugerðir (aðför, nauðungarsölu o.fl.). Þá verður fjallað um uppbyggingu dómstólakerfisins á Íslandi, um héraðsdómara og um almennt og sérstakt hæfi dómara. Grunnhugtök í refsirétti verða kynnt og farið verður í meginreglur sakamálaréttarfars og helstu reglur um meðferð ákærvalds, réttarstöðu sakbornings og brotþola og málsmeðferð fyrir dómi. Í námskeiðinu er lögð áhersla á dóma og greiningu þeirra.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Kunna skil á meginreglum og grunnhugtökum réttarfars (einkamála, sakamála og fullnustu) og grunnhugtökum refsiréttar.
- Geta beitt þekkingu sinni við lausn raunhæfra verkefna.
- Öðlast færni í reifun dóma.
- Hlotið grunnþjálfun í lögfræðilegri hugsun og aðferðafræði og þannig aukið færni sína í beitingu réttarheimilda og lögskýringa.

202.6.0.FELR Félagaréttur

Önn og lengd: Hausti 2. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám á háskólastigi

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Kennari: Helga Kristín Auðunsdóttir, LL.M

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Í þessu námskeiði eru helstu hugtökum, skilgreiningum og réttarheimildum á sviði félagaréttar gerð skil. Gerð verður grein fyrir félagafræðisþingum stjórnskrár. Farið er yfir félagaform í íslensku atvinnulífi og áhersla lögð á þau sem algengust teljast, sameignarfélög, hlutafélög og einkahlutafélög. Einnig verður farið yfir stofnun mismunandi félagaforma, fjárhagslegan grundvöll þeirra, stjórnkerfi, lagaumhverfi sem þau búa við auk ábyrgð félagsins, stjórnenda þess og félagsmanna.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja, vera færir um að skilgreina og gera grein fyrir helstu hugtökum innan félagaréttar.
- Kunna skil á mismunandi formum félaga í íslensku atvinnulífi og þekkja meginreglur sem gilda um hvert form fyrir sig.
- Geta veitt ráðgjöf um viðeigandi félagaform mismunandi fyrirtækja.
- Hafa öðlast færni í úrlausn félagaréttarlegra álitaefna með lausn raunhæfra verkefna.
- Hafa tilfinningu fyrir því hvers vegna reglur þær sem gilda um helstu félagaformin eru eins og þær eru og hafi yfirsýn yfir réttarsviðið.

301.6.0.ÍSTÁ Íslensk stjórnsmál

ECTS: 6

Önn: Haust, 2. ár – stutt lota

Kennari: Eiríkur Bergmann, prófessor

Forkröfur: Stjórnsmál og stjórnkerfi

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Innihald og markmið

Í þessu námskeiði er fjallað um sögu og uppbyggingu íslenska stjórnkerfisins. Farið er ofan í saumana á íslenskri stjórnsmálasögu og rætt um bæði gerð og eðli flokkakerfisins. Þá er íslensk stjórnskipun til sérstakrar greiningar. Farið er ofan í hlutverk Alþingis, ríkisstjórnar og dómstóla þar sem meðal annars er rætt um lagasetningu og valdsvið ráðherra. Þá eru utanríkistengsl Íslands til skoðunar, svo sem í gegnum EES samninginn.

Lærdómsviðmið

Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta:

- Sýnt fram á grundvallarþekkingu á íslenska stjórnkerfinu.
- Greint frá helstu vörðum í íslenskri stjórnsmálasögu.
- Skilið á milli valdsviða Alþingis, ríkisstjórnar og dómstóla
- Áttað sig á eðli og uppbyggingu íslenska flokkakerfisins
- Greint meginþræði í utanríkistengslum Íslands, einkum hvað varðar EES-samninginn.

Námskeiðslýsing síðast uppfærð 21.2.2018

301.6.0. MIÐ2 Miðlun II: Árif fjölmiðla

ECTS: 6

Önn: Haust, 2. ár – stutt lota

Kennari: Guðbjörg Hildur Kolbeins, stundakennari

Forkröfur: 60 ECTS, Miðlun I: Fjölmiðlar og samfélag

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Innihald og markmið

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á helstu kenningum um áhrif fjölmiðla og samfélagsmiðla, t.d. á hugtökum eins og innrömmun og dagskrárvaldi, og að þeir skilji af hverju framsetning fréttar skiptir máli, hvaða áhrif falsfréttir geti haft og hvernig samfélagsmiðlar séu hinir nýju hliðverðir. Sérstök áhersla er lögð á samspil fjölmiðla, samskiptamiðla og stjórn mála í kosningum, og fjallað er um nýjustu þekkingu á því sviði. Farið verður jafnframt ítarlega yfir áhrif auglýsinga, t.d. hvaða þættir auki eða dragi úr áhrifum þeirra, en ekki síst er rætt í námskeiðinu um óbeinar auglýsingar og áhrif svokallaðra áhrifavalda á samskiptamiðlum.

Lærdómsviðmið

Þekking

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- þekkja og skilja helstu kenningar um áhrif fjölmiðla
- hafa skilning á samspili fjölmiðla, samskiptamiðla og stjórn mála
- þekkja og skilja hvaða hlutverki fjölmiðlar og samfélagsmiðlar gegna í kosningum
- hafa skilning á af hverju framsetning fréttar skiptir máli, m.a. út frá innrömmun og dagskrárvaldi
- hafa góðan skilning á áhrifum beinna og óbeinna auglýsinga

Leikni

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- geta beitt þeim kenningum sem fjallað er um í námskeiðinu
- geta skoðað fjölmiðlaefni með gagnrýnum augum
- geta miðlað þekkingu sinni á áhrifum fjölmiðla

Hæfni

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- geta rýnt í efnisþætti námskeiðsins til gagns
- geta sýnt fram á skilning sinn á helstu kenningum um áhrif fjölmiðla
- geta fjallað um áhrif samfélagsmiðla
- geta gert sér grein fyrir að framsetning fjölmiðlaefnis skiptir máli
- geta rökrætt um áhrif fjölmiðla og samskiptamiðla í kosningum
- geta útskýrt hver sé áhrifamáttur auglýsinga

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar: 21.2.2018

108.6.0.STAM, Stafræn markaðssetning

ECTS: 6

Kennari: Brynjar Þór Þorsteinsson og Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti og ferðaþjónustu. Valnámskeið í öðrum áherslulínum.

Innihald og markmið

Farið er í grunnhugtök tengd markaðssetningu á Internetinu, s.s. stefnumótun (strategy) og árangursríkrar uppbyggingu vefsíðna og vefstjórnun (implementation and practice). Farið er vandlega í gegnum helstu leiðir og nýjungar sem eru boði á þessum vettvangi s.s. markaðssetning á leitarvélum (SEO), vefborðar, rafræn fréttabréf, markaðssetning á samfélagsvefjum og PPC herferðir á Google og Facebook ásamt því hvernig á að meta og mæla árangur í markaðsstarfi á netinu.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar þekki og geti skilgreint grunnþætti markaðsfræðinnar með tilliti til Internetsins og geri sér grein fyrir mikilvægi faglegs markaðsstarfs á Internetinu.

Nemendur eiga að vera færir um að geta mótað stefnu fyrir rafræn viðskipti og markaðssetningu á netinu.

Nemendur verði færir um að geta gert greiningu á ytra og innra umhverfi fyrirtækis með tilliti til rafrænna viðskipta.

Nemendur eiga að geta sett upp heildstæða stefnumótandi áætlun fyrir uppbyggingu og innleiðingu á vefsíðu auk þess sem að nemendur þekki helstu leiðir í markaðssetningu á Internetinu auk þess að öðlast þjálfun í að nota og veita ráðgjöf í notkun Internetsins í markaðsstarfi.

308.6.0.HMSA Hugmyndasaga (History of Ideas)

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Hausti, stutt lota

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Íslenska

Námskeiðið er skyldunámskeið á öðru ári í miðlun og almannatengslum, val í byltingarfræði og HHS.

Innihald og markmið

Fjallað er um meginstrauma í heimspeki og stjórnámum 19. og 20. aldar, samhengi þeirra rætt og áhrifasaga helstu verka og höfunda rakin. Lesnir eru kaflar úr verkum nokkurra helstu hugsuða tímabilsins og nemendur kynnast þeim kenningum og viðhorfum sem mest áhrif hafa haft á síðari tíma. Byrjað er á umfjöllun um upplýsingu og rómantik en hún gefur tóninn fyrir helstu viðfangsefni þeirra höfunda sem á eftir koma. Lykilhöfundar eru Friedrich Nietzsche, G.W.F. Hegel, Sören Kierkegaard, Walter Benjamin, Hannah Arendt og Jean-Paul Sartre.

Lærdómsviðmið

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Þekkja og geta greint frá þróun hugmynda og kenninga á tímabilinu.
- Geta sýnt fram á skilning á áhrifasögu vestrænnar hugsunar síðustu 200 ár.
- Búa yfir færni til að greina uppruna og vensl kenninga.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 10.3.2016

Opinber stjórnsýsla IV: Upplýsingalög og lög um persónuvernd

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn: Haustönn

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í þessu námskeiði eru gildandi upplýsingalög tekin fyrir og hlutverk þeirra innan opinberrar stjórnsýslu, sem og í samfélaginu í heild sinni sem nokkurs konar útverðir upplýstrar, opinberrar umræðu. Fjallað er sérstaklega um lög um persónuvernd og farið verður úti meðferð persónuupplýsinga innan opinberrar stjórnsýslu, s.s. skráning mála og upplýsinga, gagnaaðgengi, meðferð trúnaðarupplýsinga og afhendingu þeirra.

Lærdómsviðmið

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Þekkja megininntak og tilgang upplýsingalaga og laga um persónuvernd
- Skilja meginreglur um vernd, meðferð og afhendingu persónuupplýsinga
- Þekkja merkingu orða og hugtaka í viðkomandi lögum
- Þekkja til helstu verkferla um skráningu og rekjanleika mála

Leikni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Vera fær í meðferð persónuupplýsinga í samræmi við ákvæði laga
- Geta metið hvenær eru um trúnaðargögn að ræða

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Geta nýtt sér þekkingu sína og leikni í starfi sínu innan opinberrar stjórnsýslu
- Geta meðhöndlað persónuupplýsingar á viðeigandi máta verkferla

8.4. Námskeið vorönn – Lota 1

201.6.0.ALM2 Almenn lögfræði II

Önn og lengd: Vor 1. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almenn lögfræði I

Tungumál: Íslenska en einnig vísað til heimilda á dönsku og ensku

Kennari: Ingibjörg Ingvadóttir hdl.

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Á námskeiðinu er fengist við hina lagalegu aðferð eða þann hluta hennar sem fjallar um aðferðafræðina við að túlka og beita settum lagareglum. Meginviðfangsefni námskeiðsins lúta þannig að helstu aðferðum við skýringu settra laga. Farið verður yfir sjónarmið lögskýringa, lögskýringarleiðir, kosti, forgangsreglur og lagaskil. Þá verða skoðaðar kenningar fræðimanna um túlkun stjórnarskrár og vikið að tengslum lands- og þjóðaréttar sem og skýringum mikilvægra lögfesta þjóðréttarsamninga. Sérstök áhersla er lögð á þjálfun í leit að hinum réttarlega efnivið eða með öðrum orðum á upplýsingaleit innan lögfræðinnar og notkun lögskýringargagna.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa öðlast nokkra færni í að finna og beita lögfræðilegum gögnum og aðferðum við úrlausn lögfræðilegra álitaefna.
- Þekkja og geta beitt lögfræðilegum aðferðum við túlkun settra lagaákvæða.
- Þekkja og kunna skil á forgangsreglum við lagaárekstur.
- Þekkja helstu kenningar fræðimanna um túlkun stjórnarskrár og tengsl lands- og þjóðaréttar.
- Hafa hlotið grunnþjálfun í lögfræðilegri hugsun og aðferðafræði og þannig aukið færni sína í beitingu réttarheimilda og lögskýringa.
- Hafa öðlast betri skilning á lögfræði sem fræðigrein og gera sér grein fyrir viðfangsefnum og starfi lögfræðinga.

Námskeiðslýsing uppfærð 05.01.2017.

901.6.0.RHA1 Reikningshald I

Önn og lengd: Vor 1. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptafræði – Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: Einar S. Valdimarsson, stundakennari

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Yfirlit um fjárhagsbókhald þar sem lögð er áhersla jafnt á fræðilega þáttinn sem hinn lagalega. Nemendur kynnast lykilatríðum reikningsskilafræðanna öðlast skýrari skilning á því hvað flokkast sem tekjur, kostnaður, eignir eða skuldir. Í námskeiðinu er lögð mikil áhersla á að nemendur geti gert sjálfstætt mat á ársreikningum, kunni að lesa þá og skýra innihald þeirra, en til að svo megi verða þarf að byggja upp góðan skilning á stöðlum reikningsskila. Þótt nemendur séu ekki sérstaklega þjálfaðir í bókfærslu læra þeir að lesa og skilja ársreikninga og þjálfast því í “reikningsskilalæsi”. Uppbygging á ársreikningi er skoðuð og hvernig þessi uppbygging myndar eina heild, þ.e. efnahagsreikningur, rekstrarreikningur, sjóðstreymi, skýringar og skýrsla stjórnar.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Skilja og geta gert grein fyrir mikilvægi ársreikninga á hlutabréfamarkaði fyrir fjárfesta og aðra hlutaðeigandi.
- Skilja og geta auðkennt lykilatríði reikningsskilafræðinnar.
- Skilja og geta útskýrt hlutverk reikningsskilafræðinnar við gerð ársreikninga.
- Geta framkvæmt sjálfstætt mat á ársreikningi.
- Þekkja og geta útskýrt virkni og tilgang alþjóðlegra staðla reikningsskila (IFRS)
- Þekkja hvernig ársreikningur er uppbyggður og geta stillt upp einföldum ársreikningi
- Hafa gott “reikningsskilalæsi”.

202.6.0.EOVR Eigna- og veðréttur

Önn og lengd: Vor 1 . ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: Þorbjörg Inga Jónsdóttir, hrl.
Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Í þessu námskeiði verða kenndar þær réttarreglur fjármunaréttarins sem falla undir svokallaðan eigna- og veðrétt. Farið verður yfir grundvallaratriði í eignarétti með áherslu á svonefndan hlutarétt og þá einkum fasteignir. Tengslin milli opinbers réttar og einkaréttar verða rædd. M.a. verður farið yfir eignaréttarhugtakið og flokkun eignarréttinda, stofnun og slit eignarréttinda, fasteignir, flokkun þeirra og landamerki, inntak, vernd og takmörk eignaréttarins auk þinglýsinga og helstu reglur um þjóðlendur. Þá verður fjallað um takmörkuð eignarréttindi með sérstakri áherslu á veðrétt. Í veðréttinum verður höfuðáherslan lögð á reglur um sammingsveð, sbr. lög nr. 75/1997.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja réttarreglur um ofangreind atriði og kunna að beita þeim
- Þekkja dómafordæmi á réttarsviði eigna- og veðréttar.

307.6.0.FJÖL Fjölmiðlafærni

ECTS: 6

Önn: Vor, 1. ár – stutt lota

Kennari: Sigríður Arnardóttir, stundakennari

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Skyldunámskeið í öllum námslínunum.

Innihald og markmið

Að geta átt skýr og skiljanleg samskipti og að geta komið frá sér hugmyndum skoðunum og stefnu fyrirtækja og stofnana er afar þýðingarmikið í atvinnulífinu. Í þessu hagnýta námskeiði læra nemendur undirstöðuatriði þess að koma fram í fjölmiðlum og veita upplýsingar á sem árangursríkan hátt. Þeir þjálfast í að koma fram og tjá sig af öryggi við margvíslegar aðstæður. Nemendur fá þjálfun í að tjá sig munnlega þeir fá þjálfun í raddbeitingu framsögn og framkomu og þeir fá raunhæf verkefni þar sem þeir þjálfast m.a. í að halda blaðamannafundi og að veita viðtöl í fjölmiðlum.

Lærdómsviðmið

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- hafa þekkingu á mikilvægustu þáttum góðra samskipta við fjölmiðla
- hafa skilning á aðstæðum þegar veita á upplýsingar um tiltekið efni
- kunna að bera kennsl á einkenni góðrar fjölmiðlafærni og að kunna að beita henni
- geta komið fram tjáð sig og miðlað upplýsingum við margvíslegar aðstæður á greinargóðan hátt

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar: 2.5.2016

307.6.0.ALS1 Almannaþing I: Samtal við umhverfið

ECTS: 6

Önn: Vor 1. ár – stutt lota

Kennari: NN

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Innihald og markmið

Námskeiðið leggur grunn að skilningi á samskiptastefnu og þætti almannaþinga í samskiptum fyrirtækja og stofnana við viðskiptavini, birgja, samstarfsaðila, stjórnvöld og aðra haghafa. Fjallað verður um undirstöðuhugmyndir um miðlun upplýsinga, opinber samskipti og almannaþing og kynntar hugmyndir um notenda- og markhópagreiningu, samskiptaáætlanir og mismunandi miðlunarleiðir fyrir ólík markmið og ólíka markhópa. Lykilhugtök eru traust og orðspor og skulu verkefni nemenda auka færni þeirra og hæfni til að greina og skilja hvernig bein og óbein samskipti í gegnum ólíka miðla hefur áhrif á traust til aðila og orðspor þeirra.

Lærdómsviðmið

Þekking

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Þekkja helstu kenningar um opinber samskipti, almannaþing og hlutverk þeirra
- Þekkja helstu leiðir til almennra og opinberra samskipta

Færni

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Geta heimfært fræðilega kunnáttu á raunverulegar aðstæður
- Geta metið ólíkar leiðir til miðlunar í ljósi viðmælendahópa og markmiða samskipta
- Geta sett fram markvissar samskiptaáætlanir fyrir mismunandi stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök
- Geta rökstutt hvernig samskipti eða skortur á þeim geta aukið eða dregið úr trausti og metið hvernig samskipti eða skortur á þeim hefur áhrif á orðspor
- Kunna skil á árangursríkri framsetningu og upplýsingamiðlun

Námskeiðslýsing síðast yfirfarin 21.2.2018

312.6.0.KYFR Kynjafræði (Gender Studies)

ECTS: 6

Kennari: Ásta Jóhannsdóttir, stundakennari

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska / enska

Innihald og markmið

Í námskeiðinu verður farið yfir helstu sjónarmið kynjafræðinnar og kenninga innan femínískra fræða. Veltum fyrir okkur spurningum á borð við Er eðlislægur munur á kynjum sem útskýrir/réttlætir ólíka hegðun og útlit þeirra eða eru samfélagslegar hugmyndir um karl- og kvenleika byggðar á meintum eðlismun þeirra á milli Hvað er kyngervi Hvernig lítur hinn fullkomni líkami út Og hvað þarf að gera til að öðlast hann Hvað gerist þegar stigið er út fyrir rammann Hvert er samspil samfélags kyns - framleiðslu og neyslu

Lærdómsviðmið

Að þessu námskeiði loknu eiga nemendur að

- kunna skil á helstu kenningum kynjafræðinnar og geta beitt þeim til að setja fræðasvið sitt í slíkt samhengi.
- Vera sér meðvituð um menningarlegar rætur hins kynjaða samfélags.
- Geta varpað ljósi á og gagnrýnt ríkjandi fyrirkomulag.
- Geta nýtt sér þekkingu sína frá þessu námskeiði til þess að víkka út og breyta þeirri menningu sem nú er ríkjandi.
- Geta beitt kenningum kynjafræðinnar með hagnýtum hætti í öllum viðfangsefnum sinnar faggreinar.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 10.3.2016

306.6.0.MENF Menningarfræði

ECTS: 6

Önn: Vor – stutt lota

Kennari: Elsa Haraldsdóttir

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Valnámskeið í HHS og skylda í byltingafræði og miðlun og almannatengslum

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er sjónum beint að menningarpólitískum hugmyndum og kenningum sem skipta máli til að öðlast skilning á mörgum þeirra krafta sem eru að verki í samfélagi samtímans. Beitt er þverfræðilegri nálgun í námskeiðinu og einblínt verður á hugsuði sem hafa stundað róttæka þjóðfélags- og menningarrýni og hafa velt fyrir sér sumum af helstu álitafnum nútímans. Má þar nefna alþjóðavæðingu og stöðu lýðræðis og efnahagskerfis sem og hugtökum eins og valdi, forræði og stétt.

Lærdómsviðmið

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- þekkja helstu stefnur og strauma í menningarfræði
- hafa öðlast innsýn í helstu viðfangsefni menningarfræði
- geta beitt greiningarlyklum menningarfræðinnar á mikilvægustu kraftana sem eru að verki í menningu og samfélagi.

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar: 29.4.2016

301.6.0.SABU Samanburðarstjórnsmál

ECTS: 6

Kennari: Magnús Ári Skjöld Magnússon, dósent

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið í á fyrsta ári í HHS og byltingarfræði og valnámskeið í miðlun og almannatengslum.

Innihald og markmið

Í þessu námskeiði eru borin saman stjórnkerfi ólíkra ríkja. Megináherslan er á Bretland, Bandaríkin, Þýskaland og Frakkland auk ríkja Norðurlanda. Fjallað er um muninn á flokkakerfum þessara ríkja auk þess sem mismunandi hefðir í stjórnsmálum eru greindar.

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- geta greint frá grunnkenningum vestrænnar stjórnsmálahefðar.
- geta skilgreint muninn á mismunandi stjórnkerfum og stjórnsýslu þeirra ríkja sem eru í forgrunni námskeiðsins.
- geta greint og útskýrt muninn á mismunandi stjórnkerfum með samanburðargreiningu.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 11.3.2016

312.6.0.DEEC Economic Growth and Development (Þróunarhagfræði)

ECTS: 6

Kennari: Francesco Macheda, lektor

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: There are no formal pre-requisites for taking this module. Students are recommended to have the basic concepts of microeconomics before starting this course. Nevertheless students with a limited knowledge will not be at a disadvantage since these concepts will be reviewed in the first part of the course.

Tungumál: Enska

Valnámskeið í HHS, miðlun og almannatengslum og byltingarfræði.

Aim and content

The purpose of the course is to provide the analytical tools to study the growth process in a realistic manner. These tools are able to account for the long run-growth based on the new ideas (technologies) created by the creative mental labor. This course is based on the principle that the original source of all value-added to products is the input of labor-power which creates new technologies and uses the technologies at hand. In this context creative-mental abilities of labor-power deserve special attention for being the source of all technologies created. In turn as firms introduce new technologies they also indirectly induce socio-economic transformations which inevitably also change the qualitative aspects of life – ranging from educational opportunities income distribution housing conditions infant mortality and life expectancy to political and juridical system. More broadly this course will inquire into the secret of development that is the economic growth plus institutional social cultural changes in society. The goal is to guide the students in understanding the internal dynamics of the growth process which in turn will help them to comprehend the widening gap in technological advance and economic welfare between the developed and less-developed countries.

Learning outcomes

At the end of this course students should

- have a full understanding of the role of ‘labor’ ‘human capital’ ‘capital’ and ‘technological progress’ in the process of economic development
- utilize the basic analytical concepts of political economy to assess the contribution of creative intellectual labor in fostering technological innovations and economic growth
- identify the market imperfections to the technological transfers process in the global economy
- critically explain the reasons behind the widening of income and wealth inequalities between most of the developing countries and the developed countries

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar: 12.4.2016

301.6.0.STHE Stjórn málaheimspeki

ECTS: 6

Kennari: Sævar Ari Finnbogason, stundakennari

Önn: Vor 2. ár, stutt lota

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Íslenska

Námskeiðið er skyldunámskeið á fyrsta ári í öllum námslínnum.

Innihald og markmið

Stjórn málaumræða samtímans mótast að miklu leyti af kenningu bandaríska heimspekingsins John Rawls um réttlæti, en með henni má segja að vestrænt frjálshyndi hafi gengið í endurnýjun lífdaga. Í námskeiðinu er fjallað um kenningu Rawls, uppsprettur hennar, áhrif og andsvör við henni. Fjallað verður almennt um frjálshyggju og frjálshyndi, nytjastefnu, fjölmenningu, umræðu- og þáttökustjórn mála, femínisma o.fl. Rætt verður um nokkur knýjandi úrlausnarefni samtímans á borð við einstaklingsfrelsi, jöfnuð, sjálfsmynd, umburðarlyndi og mismun.

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að búa yfir

- Staðgóðri þekkingu á helstu kenningum stjórn málaheimspekings samtímans.
- Færni til að takast á við pólitískar spurningar í ljósi kenninga.
- Skilningi á siðferðisvanda í stjórn mála, og hvernig hægt sé að taka á slíkum vanda.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 10.3.2016.

Verkefnastjórnun

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn: Vorönn

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Námskeiðið fjallar um helstu undirstöður í aðferðafræði verkefnastjórnunar við markmiðslýsingu, skipulag og áætlanagerð. Nemendur vinna sjálfstætt verkefni þar sem þau nýta þau tæki námskeiðs og gera heildstæða áætlun fyrir verkefni, frá upphafi til lúknings. Helstu atriði verkefnastjórnunar verða reifuð, svo sem skilgreiningar á verkefnum, verkþáttum og markmiðasetningu, verkáætlanagerð, gerð kostnaðaráætlunar, og áhættumat. Jafnframt er fjallað um samskiptaleiðir og verkaskiptingu innan hópa, birtingu niðurstaðna og miðlunar upplýsinga að verkefni loknu. Nemendur eru hvattir til að spreyta sig á raunverulegum verkefnum í tengslum við vinnustað sinn (á við um nemendur í opinberri stjórnslu).

Lærdómsviðmið

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Þekkja helstu aðferðir og tæki verkefnastjórnunar og geta útskýrt helstu forsendur hennar
- Gera sér grein fyrir gildi kerfisbundinnar vinnu, hugmyndavinnu, markmiðasetningar og verkefnastjórnunarferlisins í heild sinni
- Öðlist þekkingu á hinum ýmsu hlutverkum innan verkefnis, m.t.t. verkaskiptingar

Leikni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Öðlist þjálfun í að vinna að stærri verkefnum í hópi
- Tileinki sér skipulögð vinnubrögð þegar unnið er í hópi
- Geti greint á milli mismunandi áskorana í verkefnastjórnun og geti gert raunhæft áhættumat

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Hafa öðlast hæfni til að vinna í hópum að úrlausn verkefna og viðfangsefna er tengjast þeirra daglega starfi
- Geta tekið að sér verkefnastjórnun í verkefni er tengist þeirra starfi
- Geta leyst úr ágreiningsmálum sem koma upp

Opinber stjórnsýsla V: Opinber vinnuréttur og mannauðsstjórnun

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn: Vorönn

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í námskeiðinu fjallað um vinnurétt og aðferðir og kenningar mannauðsstjórnunar með hliðsjón af opinberum rekstri.

Í námskeiðinu er farið yfir skipulag og aðila vinnumarkaðarins. Er m.a. fjallað um starfsemi stéttarfélaga, félagafrelsi, kjarasamninga og ágreining á vinnumarkaði. Í námskeiðinu er jafnframt fjallað um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, meðal annars upphaf starfs og reglur er varða orlof, lífeyri og ráðningaslit, þar með talið áminningarferli.

Í þessu námskeiði er jafnframt fjallað um helstu lykilatriði mannauðsstjórnunar. Meðal annars verður fjallað um starfsánægju, starfsmannaval, frammistöðumat, starfsmannasamtöl og þjálfun starfsfólks. Sérstök áhersla verður lögð á tengingu við leiðtogafræði og hlutverk leiðtogans í mannauðsstjórnun. Einnig verður fjallað um gildi símenntunar samhliða starfi og rætt um vinnustaðinn sem mikilvægan vettvang náms og þjálfunar. Fjallað verður um breytingar á vinnustað útfrá aðferðafræði og kenningum breytingastjórnunar.

Lærdómsviðmið

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Þekkja meginhugtök vinnuréttarins og reglur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði með áherslu á opinberan vinnumarkað og að hvaða leyti þau eru frábrugðin því sem gildir á almennum vinnumarkaði
- Þekkja helstu lykilatriði mannauðsstjórnunar hjá opinberum stofnunum og átta sig á mikilvægi hennar
- Þekkja til eðlis og tilgangs þeirra reglna sem gilda um vinnumarkaðinn
- Þekkja til grundvallarkenninga breytingastjórnunar og áhrifa breytinga á starfsfólk og stofnanir á vinnustöðum.

Leikni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Geta beitt reglum vinnuréttar við lausn einfaldra raunhæfra verkefna í opinberum vinnurétti
- Geta sett fram starfsmannastefnu þar sem tekið er mið af þörf fyrir mannafla, starfsþróun, öryggi og vellíðan starfsmanna
- Geta unnið með upplýsingar um starfsmenn og starfsmannamál

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Vera færir um að kynna starfsmannastefnu og útskýra hvernig hún verður leidd áfram innan stofnunar
- Vera færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni í opinberum vinnurétti og mannauðsstjórnun þannig að það nýtist þeim í starfi
- Vera hæfir til að taka þátt í breytingum og umbótaverkefnum á vinnustað

104.6.0.BREY, Breytingastjórnun

ECTS: 6

Kennari: Haraldur Daði Ragnarsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Breytingastjórnun er samheiti yfir ólíkar aðferðir við að fást við stjórnun breytinga í fyrirtækjum og stofnunum. Breytingarnar geta meðal annars falist í breyttu skipulagi, nýjum vinnuáferðum eða þróun nýrrar vöru eða þjónustu. Námskeiðið skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er lögð áhersla á greina starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana. Sívaxandi þrýstingur er á að fyrirtæki taki tillit til umhverfis og samfélags í daglegum rekstri. Slík hugsun kallar á nýjar lausnir. Farið verður yfir hugtök eins og samfélagsábyrgð fyrirtækja (Corporate Social Responsibility), nýsköpun (Innovation) og félagslega frumkvöðla (Social Entrepreneurs). Einnig verður farið yfir tengsl nýsköpunar við breytingar en þekking á aðferðafræði breytingastjórnunar gegnir mikilvægu hlutverki í ferlinu við að umbreyta nýjum hugmyndum í vöru eða þjónustu. Í öðrum hluta námskeiðsins er farið yfir þróun kenninga um breytingastjórnun og tengsl þeirra við kenningar um vinnuskipulag, fyrirtækjamenningu og skipulagsheildir. Einnig verða breytingar greindar með tilliti til umfangs, tegundar og eðli breytinga. Í þriðja hluta námskeiðsins verður farið yfir helstu aðferðir við innleiðingu á breytingum í fyrirtækjum og stofnunum. Horft er á tengsl leiðtogakenninga við breytingastjórnun, leiðir til að afla breytingum fylgis á meðal starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og aðferðir við að vinna á mótstöðu, sem oft er fylgifyskur breytinga.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi:

- Þekkja nýjustu strauma varðandi tengsl fyrirtækja og samfélags og hugtök á borð við samfélagsábyrgð, nýsköpun og félagslega frumkvöðla.
- Skilja samspil breytinga og nýsköpunar.
- Skilja og geta útskýrt helstu kenningar um breytingastjórnun og þróun þeirra.
- Þekkja kenningar um forystu og tengsl þeirra við breytingastjórnun.
- Þekkja og geta nýtt sér gagnlegar aðferðir við innleiðingu breytinga.
- Geta greint og tekist á við mótstöðu gegn breytingum.

8.5. Námskeið vorönn – Löng lota

201.6.0.KROF Kröfuréttur I

Önn og lengd: Vor 1. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: Unnar Steinn Bjarndal, hrl.

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Á námskeiðinu er farið yfir helstu hugtök, réttarheimildir og grundvallareglur hins almenna hluta kröfuréttar. Fjallað er um reglur um stofnun og lögvernd kröfuréttinda sem og um áhættuskipti. Áhersla er lögð á umfjöllun um efnidir kröfu, s.s. um greiðslustað og greiðslutíma, auk umfjöllunar um helstu tegundir vanefnda, það er greiðsludrátt, galla og réttarágalla. Þá verða aðilaskipti að kröfuréttindum tekin til skoðunar og megininntak reglna um viðskiptabréf. Loks er vikið að réttaráhrifum vanefnda, vanefndar úrræðum og lokum kröfuréttinda.

Við yfirferð námsefnis verður vísað til dóma og raunhæfra álitaefna til frekari skilningsauka. Nemendur skulu vera undirbúnir fyrir fyrirlestra og verkefnatíma og geta tjáð sig um efni sem tekið er fyrir hverju sinni. Á námskeiðinu munu nemendur vinna að ýmsum verkefnum tengdum námsefni, m.a. reifunum dóma og lausn raunhæfra verkefna.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja helstu hugtök, réttarheimildir og grunnatriði hins almenna hluta kröfuréttar og viðskiptabréfaréttar.
- Kunna skil á helstu dómum og hvernig reglum kröfuréttar er beitt.
- Geta greint, metið og beitt reglum hins almenna hluta kröfuréttar og viðskiptabréfaréttar við lausn raunhæfra verkefna.
- Geta gert grein fyrir meginreglum hins almenna hluta kröfuréttar, dómum og kenningum fræðimanna á réttarsviðinu og grunnatriðum viðskiptabréfaréttar.

201.6.0. STR2 Stjórnsýsluréttur 2

Önn og lengd: Vor 2. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Stjórnsýsluréttur I

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Kennari: Daníel Isebarn Ágústsson

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Námskeiðið er framhald af stjórnsýslurétti 1. Farið verður dýpra í hluta af því sem stjórnsýsluréttur 1 fjallar um en aðallega er um að ræða nýtt efni. Byrjað verður á ítarlegri umfjöllun um lögmætisreglu og stjórnvaldsákvæðanir. Fjallað verður um þær reglur og þau sjónarmið sem ráða niðurstöðu stjórnsýslumáls þ.e. efni ákvörðunar. Þá verður farið yfir eftirlit með stjórnvöldum og þær leiðir sem eru færar fyrir aðila sem ekki vill una niðurstöðu málsins.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Kunna skil á almennum efnisreglum stjórnsýsluréttarins.
- Hafa öðlast þjálfun í að takast á við úrlausnarefni á sviði stjórnsýsluréttar og leiða þau til lykta með markvissum hætti.
- Vera færir um að finna og skýra þær réttarheimildir sem máli skipta við úrlausn verkefna og geta sett fram skýr og rökstudd svör við þeim.

901.6.0.TÖLF Tölfræði

ECTS: 6

Kennari: Kári Joensen, lektor

Önn og lengd: Vor, löng lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Námskeiðið er skyldunámskeið á fyrsta ári HHS, val í miðlun og almannatengslum.

Innihald og markmið

Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist undirstöðuatriðum líkindareiknings og tölfræði og séu færir um að beita tölfræðilegum aðferðum við mat gagna. Fjallað er um söfnun gagna með ólíkum úrtaksaðferðum og gerð grein fyrir nokkrum algengum skekkjuvöldum sem fylgja slíkum könnunum. Farið er yfir framkvæmd tilgátuprófa fyrir meðaltöl og hlutfallsstærðir og mat á öryggisbili fyrir slíkar stærðir. Einnig er fjallað um stikalaus tilgátupróf fyrir tölulegar breytur og tilgátupróf fyrir tengsl milli flokkabreyta. Að lokum er fjallað um notkun línulegrar aðhvarfsgreiningar við gerð einfaldra spálíkana.

Lærdómsviðmið

Þekkingarmarkmið

- Nemendur eiga að þekkja algengustu gerðir lýsitalna og skilja ólíkra eiginleika þeirra
- Nemendur þurfa að þekkja frumsendur líkindafræðinnar
- Nemendur eiga að skilja forsendur tilgátuprófa og stikamats
- Nemendur eiga að þekkja forsendur línulegrar aðhvarfsgreiningar

Færnimarkmið

- Nemendur skulu geta sett fram upplýsingar byggðar á mæligögnum á skýran og lýsandi hátt.
- Nemendur eiga að vera færir um að reikna einfaldar, samsettar og skilyrtar líkur fyrir ýmsar tegundir slembibreyta.
- Nemendur eiga að geta lagt mat á áreiðanleika kannanna og geta tilgreint þá skekkjuvalda sem algengt er að hafi áhrif á hefðbundnar spurningakannanir.
- Nemendur skulu geta tilgreint öryggisbil fyrir meðaltöl og hlutfallsstærðir.
- Nemendur eiga að geta sett fram og framkvæmt tölfræðileg tilgátupróf.
- Nemendur skulu vera færir um að beita tölfræðilegum aðferðum við mat á valkostum og við ákvarðanatöku.
- Nemendur skulu geta mátað einfalt, línulegt aðhvarfslíkan við gögn, geta metið gæði líkansins og sett fram spágildi með skekkjumati.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 18.02.2016

104.6.0.SBRE Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

ECTS: 6

Kennari: Stefán Gíslason, stundakennari

Önn og lengd: Vor, löng lota

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Íslenska

Skuldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu, fyrsta ári í Miðlun og almannatengslum og öðru ári í HHS.

Innihald og markmið

Námskeiðið fjallar um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja (SÁF). Í fyrsta hluta verða lykilhugtök kynnt til leiks og farið yfir helstu áskoranir og sögu samfélagsábyrgðar. Annar hluti fjallar um helstu þætti sem snúa að samfélagsábyrgð fyrirtækja og áskoranir þeim tengdar, s.s. umhverfismál, alþjóðavæðing, mannréttindi, stjórnarhættir, aðgerðir gegn spillingu og samfélagsþátttöku. Þriðji hlutinn fjallar um ýmsar stofnanir sem vinna að framgangi samfélagsábyrgðar og helstu verkfæri sem fyrirtæki geta hagnýtt við mótun og innleiðingu stefnu um samfélagsábyrgð auk þess sem fjallað verður um samfélagsábyrgð og nýsköpun.

Í námskeiðinu verður lögð sérstök áhersla á að þjálfar nemendur í að geta beitt gagnrýnni hugsun til að takast á við siðferðisleg álitamál sem kunna að koma upp í tengslum við þá togstreitu sem getur skapast milli kröfunnar um arðsemi og áskoranna sem snúa að umhverfis- og samfélagsáhrifum fyrirtækja.

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta útskýrt lykilhugtök sem tengjast sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og hafa þekkingu á helstu fræðilegu kenningum sem þessar hugmyndir byggja á.
- Geta greint og rætt um stefnumörkun fyrirtækja varðandi sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð, og hafa skilning á hlutverki einkageirans í sjálfbærri þróun.
- Hafa færni til að beita gagnrýnni hugsun til að takast á við siðferðisklemmur sem kunna að koma upp í tengslum við sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 18.02.2016

8.6. Námskeið vorönn – Lota 2

901.6.0.THAG Þjóðhagfræði

ECTS: 6

Kennari: Árni Sverrir Hafsteinsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári í viðskiptafræði og HHS en valnámskeið byltingarfræði og bundið val í miðlun og almannatengslum.

Innihald og markmið

Í námskeiðinu verður farið yfir helstu kenningar, aðferðir og viðfangsefni þjóðhagfræðinnar. Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum innsýn í meginviðfangsefni þjóðhagfræðinnar og þær aðferðir, kenningar og hugtök sem fræðin byggja á. Áhersla verður einnig lögð á hagnýtt gildi námsefnisins með því að samtvinna fræðin jafnóðum efnahagssumræðunni hérlandis sem og erlendis. Á efnisskrá er m.a. eftirfarandi: Vísitölur og þjóðhagsreikningar; hagkerfið til skamms tíma; framleiðsla og eftirspurn; hagsveiflur og áhrif fjármála- og peningamálástefnu; hagkerfið til meðal- og langs tíma; hagsvöxtur og heildarframboð, verðbólga og væntingar; fjármála- og vinnumarkaðir; hagfræði opinna hagkerfa; gengismál og viðskiptajöfnuður; fjármálakreppur og hagkvæm myntsvæði.

Lærdómsviðmið

Þekkingarmarkmið

- Nemendur eiga að skilja og geta gert grein fyrir helstu aðferðum og gögnum þjóðhagfræði.
Nemendur eiga að skilja helstu hreyfiöfl efnahagslífsins og þekkja meginmarkmið peninga- og fjármálástefnu opinna hagkerfa.
- Nemendur eiga að skilja og geta útskýrt gildi aðferða þjóðhagfræðinnar.

Færnimarkmið

- Nemendur eiga að hafa fengið þjálfun í beitingu aðferða þjóðhagfræði.
Nemendur eiga að búa yfir færni í vali á þjóðhagfræðilegum aðferðum og geta rökstutt val sitt.
- Nemendur eiga að hafa fengið þjálfun í að tileinka sér tungumál hagfræðinnar til kynningar og framsetningar.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 28.10.2015

201.6.0.VINN Vinnuréttur

Önn og lengd: Vor 1. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er farið yfir skipulag og stofnanir vinnumarkaðarins. Er m.a. fjallað um starfsemi stéttarfélaga, félagafrelsi, kjarasamninga, ágreining á vinnumarkaði og Félagsdóm. Einnig er fjallað um réttindi og skyldur á vinnumarkaði, s.s. ráðningu til starfa, skyldur starfsmanna og atvinnurekenda, jafnrétti á vinnumarkaði, fæðingarorlof, réttarreglur er varða orlof og lífeyri, veikindarétt og ráðningarslit. Þá verður sérstaklega fjallað um alþjóðlegan og evrópskan vinnurétt sem og sérreglur er gilda um opinbera starfsmenn.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta útskýrt meginhugtök vinnuréttarins.
- Þekkja reglur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
- Kunna skil á skipulagi, stofnunum og aðilum vinnumarkaðarins og hlutverki þeirra.
- Hafa öðlast færni í að beita reglum vinnuréttarins við úrlausn álitafna.
- Hafa fengið þjálfun í að mynda sér skoðun á faglegum forsendum vinnuréttar.
- Hafa fengið þjálfun í að rökstyðja fræðilegar úrlausnir með markvissum hætti.
- Haf öðlast skilning á eðli og tilgangi þeirra reglna sem gilda um vinnumarkaðinn.
- Hafa tileinkað sér faglegan skilning á ólíkum viðhorfum innan fræðigreinar.

Opinber stjórnsýsla III: Stjórnsýslu- og sveitastjórnaréttur

Önn og lengd: Vorönn 1. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er farið yfir grundvallaratriði stjórnsýsluréttar, verkefni stjórnvalda og stöðu réttarsviðsins innan opinbers réttar, m.a. með hliðsjón af stjórnskipunarrétti. Fjallað er um uppbyggingu stjórnsýslukerfisins, réttarheimildir og grundvallarhugtök stjórnsýsluréttarins. Vikið verður að tilurð, skýringu, gildissviði og túlkun stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Sérstaklega er gerð grein fyrir aðild að stjórnsýslumáli og hugtakinu stjórnvaldsákvörðun. Stór hluti námskeiðsins felur í sér umfjöllun um málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga og feril stjórnsýslumáls með tilliti til þessara reglna. Þá er fjallað um siðareglur í opinberri stjórnsýslu, valdmörk stjórnvalda, upplýsingalögin og meðferð persónuupplýsinga.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja uppbyggingu stjórnsýslukerfisins og ferli stjórnsýslumála.
- Geta útskýrt grunnhugtök í fyrsta hluta stjórnsýsluréttar.
- Kunna skil á reglum stjórnsýsluréttar sem lúta að meðferð stjórnsýslumála og samspili þeirra.
- Kunna skil á siðareglum í opinberri stjórnsýslu og þýðingu þeirra.
- Hafa öðlast færni til að beita reglum stjórnsýsluréttar við úrlausn álitaeftna.
- Hafa fengið þjálfun í að mynda sér skoðun á faglegum forsendum stjórnsýsluréttar.
- Hafa fengið þjálfun í umfjöllun og skoðanaskiptum um lögfræðileg viðfangsefni.
- Hafa fengið þjálfun í að rökstyðja fræðilegar úrlausnir með markvissum hætti.
- Hafa öðlast skilning á þýðingu stjórnsýslunnar sem grunnþáttar í lýðræðissamfélagi og mikilvægi siðferðis í opinberri stjórnsýslu.
- Hafa tileinkað sér faglegan skilning á ólíkum viðhorfum innan fræðigreinarinnar og geta borið virðingu fyrir andstæðum sjónarmiðum.

202.6.0.REFS Refsiréttur

Önn og lengd: Vorönn 2. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám á háskólastigi.

Tungumál: Íslenska

Kennari: Unnar Steinn B Björnsson

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Á námskeiðinu verður farið yfir hinn almenna hluta refsiréttarins – grunnreglur refsiréttar og grunnhugtök, s.s. hugtakið afbrot, flokkun afbrota, skilyrði refsíabyrgðar og lok (refsinæmi, ólögæti, saknæmi, sakhæfi, refsileysis- og refsilokaástæður), neyðarvörn og neyðarrétt, tilraun hlutdeild og afturhvarf. Einnig verður gerð grein fyrir viðurlagakerfinu og réttlætingu eða rökum á bak við refsingar. Gestakennari mun fjalla sérstaklega um fjármunaréttarbrot samkvæmt hegningarlögum og ýmsum sér refsilögum, ásamt því sem fjallað verður um s.k. efnahagsbrot.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa haldgóða þekkingu á grundvallarþáttum almenna hluta refsiréttarins.
- Hafa sérstaka þekkingu á fjármunaréttarbrotum, með áherslu á efnahagsbrot og áhrif þeirra á rekstur fyrirtækja.

104.6.0.RHA2 Reikningshald II

Önn og lengd: Vor 2. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptafræði – Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Reikningshald I

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Kennari: Einar Guðbjartsson

Skyldunámskeið

Innihald og markmið

Treysta skilning á tvíhliða bókhaldi með einföldum æfingum í byrjun.

Eftir umfjöllun um einstaka liði reikningsskila er látið reyna á skilning á reglum og færni í að beita þeim reglum með því að leggja fyrir verkefni um viðkomandi liði.

Grunn regluverks um gerð reikningsskila er að finna í lögum og stöðlum um gerð þeirra. Með verklegum æfingum og spurningum eru nemendur þjálfaðir í beita þessu regluverki.

Greining reikningsskila í formi lykiltalna tekur til færni í að reikna slíkar tölur en áhersla er lögð á að nemendur hafi öðlast skilning á regluverkinu og geti því skynjað og skýrt hvaða kostum og göllum slík greining er búin.

Lærdómsviðmið

Gera nemendur færa um að semja tiltölulega einföld reikningsskil fyrirtækja sem taki til rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og sjóðstreymis. Sú færni tekur til þess að þekkja helstu reglur um gerð reikningsskila og kunna að beita þeim. Ennfremur er það markmið að nemendur kunni að greina reikningsskil með aðstoð lykiltalna en þekkja um leið til kosta og annmarka slíkra mælinga.

Nemendur eiga að

- geta samið einföld reikningsskil fyrirtækja
- þekkja helstu reglur um reikningsskil og kunna að beita þeim
- kunna að greina reikningsskil með aðstoð lykiltalna.

901.6.0.SIDF Siðfræði

ECTS: 6

Kennari: Elsa Haraldsdóttir, stundakennari

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Námskeiðið er skyldunámskeið í öllum námslínunum.

Innihald og markmið

Námskeiðið veitir grunnþjálfun í nálgunaraðferðum heimspekilegrar siðfræði. Sjónum verður einkum beint að grundvallarkenningum vestrænnar siðfræði, og um leið sumum merkustu hugsuðum Vesturlanda. Þá er veitt innsýn í hvernig klassískar kenningar hugsuða á borð við Immanuel Kant og John Stuart Mill tengjast siðferðilegum álitamálum í samtímanum. Einnig verður litið á sumt af því sem efst er á baugi í siðfræði samtímans og hvernig kenningum siðfræðinnar er beitt til að finna lausn á brýnum vandamálum sem við eigum við að etja.

Lærdómsviðmið

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Þekkja, skilja og geta rætt helstu hugmyndir og kenningar í heimspekilegri siðfræði.
- Geta borið kennsl á siðferðileg álitamál og geta beitt kenningum siðfræðinnar á þau.
- Geta mótað sér rökstudda afstöðu til álitamála í siðfræði.
- Að hafa öðlast samræðufærni, geta tjáð sig á skýran og röklegan hátt og þjálfast í að meta skoðanir og hugmyndir annarra og sínar eigin á gagnrýnin hátt.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 08.03.2016

301.6.0. BOFF Miðlun I: Fjölmiðlar og samfélag

ECTS: 6

Önn: Haust 1. ár – stutt lota

Kennari: Guðbjörg Hildur Kolbeins, stundakennari

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Innihald og markmið

Með tilkomu samfélagsmiðla eins og Facebook, Instagram og Snapchat hafa skilin á milli persónulegra boðskipta og fjölmiðlunar orðið æ óljósari. Í námskeiðinu er farið yfir sögu fjölmiðla og fjallað um það hlutverk sem þeir gegna fyrir þjóðfélagslega umræðu og í lífi okkar almennt. Sjónum er jafnframt beint að þeim breytingum sem orðið hafa á hefðbundinni fjölmiðlun og þeim áhrifum sem samskiptamiðlarnir hafa á dreifingu fjölmiðlaefnis og notkun fólks á slíku efni. Fjallað er einnig um eignarhald fjölmiðla, störf blaða- og fréttamanna og um helstu kenningar um fjölmiðla og boðskipti.

Lærdómsviðmið

Bekking

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- þekkja upphaf og þróun fjölmiðlunar í heiminum
- þekkja til helstu fjölmiðla á Íslandi og sögu þeirra
- hafa öðlast skilning á þeim breytingum sem samfélagsmiðlar hafa haft í för með sér
- skilja samfélagslegt hlutverk fjölmiðla
- hafa skilning á störfum blaða- og fréttamanna
- hafa skilning á ólíkum kerfum eignarhalds á fjölmiðlum
- þekkja og skilja helstu kenningar um fjölmiðla og boðskipti

Leikni

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- geta beitt þekkingu sinni á sögu og hlutverk fjölmiðla
- geta miðlað þekkingu sinni á samskiptamiðlum
- geta skoðað á gagnrýninn hátt helstu kenningar um fjölmiðla og boðskipti
- geta beitt þekkingu sinni á starfsumhverfi blaða- og fréttamanna

Hæfni

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- geta fjallað um sögu og þróun fjölmiðla og samskiptamiðla
- geta gert sér grein fyrir áhrifum samfélagsmiðla á samskipti og fjölmiðlun
- geta útskýrt helstu kerfi eignarhalds á fjölmiðlum
- búa yfir þekkingu á störfum blaða- og fréttamanna
- sýnt skilning sinn á helstu kenningum um fjölmiðla og boðskipti

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar: 21.2.2018

102.6.0.ÞJOF Þjónandi forysta og stjórnun

ECTS: 6

Kennarar: Sigrún Gunnarsdóttir, Sigurður Ragnarsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári, óháð áherslulínu

Innihald og markmið

Markmið námskeiðsins er að nemendur þekki grunnþætti stjórnunar og forystu og sérstaklega hugmyndafræði þjónandi forystu með áherslu á fyrsta rit Robert K. Greenleaf (2008). Einnig verður komið inná hlutverk stjórnandans og nokkrar aðrar kenningar innan forystufræðanna, sérstaklega þær sem tengjast þjónandi forystu.

Nemendur fá tækifæri til að skoða og þróa þekkingu sína og skilning á leiðtogahlutverkinu. Fjallað verður um rannsóknir um þjónandi forystu og hagnýtingu þjónandi forystu í fyrirtækjum, félögum og stofnunum. Með þátttöku í námskeiðinu er gert ráð fyrir að nemendur öðlist innsýn í forystukenningar, hlutverk stjórnandans og hagnýtingu þjónandi forystu í fyrirtækjum og stofnunum. Einnig er miðað við að nemandi kunni að rýna í og greina frá árangri þjónandi forystu samkvæmt reynslu fyrirtækja og stofnana og samkvæmt nýjum rannsóknum um efnið hér á landi og erlendis.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Þekkja og skilja helstu forystukenningar og hlutverk stjórnandans.
- Þekkja grunnhugtök þjónandi forystu skv. Robert K. Greenleaf.
- Hafa innsæi í hugmyndafræði þjónandi forystu skv. Robert K. Greenleaf.
- Þekkja áherslur og aðferðir fyrirtækja og stofnana sem nýta þjónandi forystu.
- Geta beitt gagnrýnni aðferð til að rýna í og greina forystu og stjórnun í ljósi þjónandi forystu á raunverulegum vettvangi.
- Geta rökstutt áætlun um nýtingu þjónandi forystu á raunverulegum vettvangi.
- Hafa hæfni til að túlka og kynna fræðilega þekkingu um stjórnun og forystu í ljósi þjónandi forystu.
- Hafa hæfni til að túlka og kynna áherslur, aðferðir og niðurstöður rannsókna um stjórnun og forystu í ljósi þjónandi forystu.
- Hafa hæfni til að setja fram áætlun um nýtingu þjónandi forystu á raunverulegum vettvangi.

302.6.0.GAME Game Theory (Leikjafræði)

ECTS: 6

Kennari: Francesco Macheda, Lektor

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Enska

Valnámskeið í HHS, miðlun og almannatengslum, byltingarfræði og viðskiptafræði.

Innihald og markmið/Aim and content

This course will introduce you to the basic concepts of game theory and its applications across all the social science disciplines, including economics, political science, business, studies, and sociology. You'll also see how game theory fits into the larger context of using simulations and agent-based models to understand behavior in society. We focus on using game theory concepts to understand real life social phenomena, rather than deriving or proving theorems; however, you will need to use a lot of basic mathematics. At the end of the course, you should have a good foundation for taking a more mathematically rigorous game theory course at the master's or doctoral level.

Lærdómsviðmið/Learning outcomes

- Students will understand the basic analytical concepts used in game theory, such as players, strategies, outcomes, payoffs, and equilibrium.
- Students will be familiar with common types of games, such as the prisoner's dilemma and games of coordination.
- Students will be able to use these concepts in analyzing real world situations.

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar: 12.4.2016

102.6.0.MSHL Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtogans

ECTS: 6

Kennari: Haraldur Daði Ragnarsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Námskeiðið er grunnnámskeið í mannauðsstjórnun og um leiðtoga. Farið verður yfir helstu lykilatriði mannauðsstjórnunar í fyrirtækjum og opinberum stofnunum. Meðal annars verður fjallað um starfsánægju, starfsmannaval, frammistöðumat, starfsmannaviðtöl og þjálfun starfsfólks. Sálfræðilegi samningurinn verður útskýrður og ýmis vandamál sem upp geta komið á vinnustað verða rædd. Fjallað verður um stefnumótun í starfsmannamálum, öflun nýrra starfsmanna, starfsþróun og starfsmat, viðbrögð við ófullnægjandi frammistöðu og brotum í starfi. Sérstök áhersla verður lögð á tengingu við leiðtogafræði og hlutverk leiðtogans í mannauðsstjórnun.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi þekking

- Skilja mikilvægi mannauðsstjórnunar
- Skilja helstu lykilatriði mannauðsstjórnunar
- Þekkja helstu kenningar í mannauðsstjórnun
- Skilja mikilvægi hvatningar og boðmiðlunar í vinnumhverfi
- Þekkja hvernig stjórnendur geta nýtt sér mannauðsstjórnun á árangursríkan hátt
- Þekkja til helstu kenninga í leiðtogafræðunum

Færni:

- Geta sett fram stefnu í starfsmannamálum þar sem tekið er mið af þörf fyrir mannafla, starfsþróun, öryggi og vellíðan starfsmanna.
- Vera færir um að kynna starfsmannastefnu og útskýra hvernig hún verður leidd áfram innan tiltekinnar stofnunar eða einingar.
- Hafa þróað faglega færni til að ræða helstu líkön/hugtök og kenningar um mannauðsstjórnun
- Hafa þróað með sér uppbyggilega gagnrýni gagnvart metsölubókum og leiðtogum
- Hafa þróað gagnaöflunarfærni og framsetningu (kynningu) efnis og þátttöku í fiskabúrinu

Opinber stjórnsýsla III: Stjórnsýslu- og sveitastjórnaréttur

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn: Vorönn, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er farið yfir grundvallaratriði stjórnsýsluréttar verkefni stjórnvalda og stöðu réttarsviðsins innan opinbers réttar m.a. með hliðsjón af stjórnskipunarrétti. Fjallað er um uppbyggingu stjórnsýslukerfisins réttarheimildir og grundvallarhugtök stjórnsýsluréttarins. Vikið verður að tilurð skýringu gildissviði og túlkun stjórnsýslulaganna nr. 371993. Sérstaklega er gerð grein fyrir aðild að stjórnsýslumáli og hugtakinu stjórnvaldsákvörðun. Stór hluti námskeiðsins felur í sér umfjöllun um málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga og feril stjórnsýslumáls með tilliti til þessara reglna. Þá er fjallað um siðareglur í opinberri stjórnsýslu valdmörk stjórnvalda upplýsingalögin og meðferð persónuupplýsinga

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að

- Hafa tileinkað sér greinargóða þekkingu á uppbyggingu stjórnsýslukerfisins og ferli stjórnsýslumála
- Geta útskýrt grunnhugtök í fyrsta hluta stjórnsýsluréttarins
- kunna skil á reglum stjórnsýsluréttarins sem lúta að meðferð stjórnsýslumála og samspili þeirra.
- Kunna skil á siðareglum í opinberri stjórnsýslu og þýðingu þeirra

Færnimarkmiðstrongbr Eftir námskeiðið eiga nemendur aðbr Hafa öðlast færni í að beita reglum stjórnsýsluréttarins við úrlausn álitaefna.br Hafa fengið þjálfun í að mynda sér skoðun á faglegum forsendum.br Hafa fengið þjálfun í umfjöllun og skoðanaskiptum um lögfræðileg viðfangsefni.pp stylemargin-top 0px margin-bottom 0px text-align justify Hafa fengið þjálfun í að rökstyðja fræðilegar úrlausnir með markvissum hætti.pp stylemargin-top 0px margin-bottom 0px text-align justify pp stylemargin-top 0px margin-bottom 0px text-align justify strongViðhorfstrongbr Eftir námskeiðið er gert ráð fyrir að nemendurbr Hafi tileinkað sér skilning á þýðingu stjórnsýslunnar sem grunnþáttar í lýðræðissamfélagi og mikilvægi siðferðis í opinberri stjórnsýslu. ppspan styletext-align justify Hafi tileinkað sér faglegan skilning á ólíkum viðhorfum innan fræðigreinarinnar og geta borið virðingu fyrir andstæðum sjónarmiðum

8.7. Námskeið sumarönn – Lota 2

201.6.0.VIST Stjórnskipunarréttur

Önn og lengd: Sumarönn 1. ár – 6 ECTS

Námslína: BS í viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almenn lögfræði I og II eða sambærilegt námskeið

Tungumál: Íslenska

Kennari: Magnús K. Hannesson

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Markmið námskeiðsins er að nemendur beiti lögfræðilegri aðferðarfræði við úrlausn álitaefna á sviði stjórnskipunarréttar.

Á námskeiðinu verður fjallað um íslenska stjórnskipun og megineinkenni hennar og farið yfir ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Fjallað verður um stjórnskipunarlög sem réttarheimild og sérstöðu þeirra sem slíkrar, farið yfir túlkun stjórnarskrárinnar og sögulega þróun hennar. Þrígreinung ríkisvaldsins verður til umfjöllunar og hugmyndafræðin að baki henni og sérstaklega verður fjallað um handhafa löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds, helstu verksvið þeirra og valdmörk. Áhrif alþjóðasamninga á þróun og túlkun stjórnarskrárinnar verða skoðuð, einkum verður Mannréttindasáttmáli Evrópu og EES samningurinn til skoðunar. Samhliða umfjöllun verður farið yfir dóma sem tengjast stjórnarskránni.

Lærdómsviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta beitt lögfræðilegri aðferðafræði við úrlausn álitaefna á sviði stjórnskipunarréttar
- Hafa góða yfirsýn yfir stjórnskipun Íslands, þekkja ákvæði og uppbyggingu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og geta gert grein fyrir efni hennar.
- Þekkja og geta gert grein fyrir þeim reglum sem gilda um æðstu stjórn ríkisins, hlutverk helstu handhafa ríkisvaldsins og valdmörk þeirra.
- Þekkja sögulega þróun stjórnarskrárinnar og sérstöðu á meðal réttarheimilda og geta túlkað ákvæði hennar á þeim grundvelli.
- Þekkja og geta gert grein fyrir helstu áhrifum alþjóðasamninga á þróun og túlkun stjórnarskrárinnar.

201.6.0.ALM3 Almenn lögfræði III:

Önn og lengd: Sumar 2. ár – 6 ECTS

Námslína: Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almenn lögfræði I og II

Tungumál: Íslenska

Kennari: Ingibjörg Ingvadóttir ásamt gestakennara

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Almenn lögfræði III er framhald af námskeiðunum almenn lögfræði I (réttarheimildir) almenn lögfræði II (lögskýringar) og inngangur að réttarfari (fordæmi). Meginviðfangsefni námskeiðsins er dýpri umfjöllun um lögfræðilega aðferð með það að markmiði að nálgast betur lögfræðilega hugsun. Nánar er fjallað um lögfræðilegan efnivið réttarheimildirnar og notkun þeirra. Réttarheimildirnar eru skoðar út frá mismunandi kenningum sjónarhólum og sviðum lögfræðinnar og kastljósinu beint að nánnum tengslum lögfræðinnar við skyldar greinar s.s. sögu og heimspeki. Nánar er einnig fjallað um túlkun réttarheimilda sem eru í formi texta einkum laga þjóðréttarsamninga og dóma. Margvísleg viðfangsefni lögfræðinga eru skoðuð og áhersla lögð á vönduð vinnubrögð nákvæmni víðsýni gagnrýni og rökhugsun við úrlausn þeirra.

Lærdómsviðmið:

Nemendur skulu að loknu námskeiði:

- hafa náð góðum tókum á lögfræðilegri aðferðafræði og geta greint forsendur réttarreglna
- hafa öðlast dýpri skilning á eðli einstakra réttarheimilda og hvernig þeim er beitt í framkvæmd
- hafa öðlast dýpri skilning á aðferðum við túlkun réttarheimilda
- þekkja til helstu kenninga og sjónarhóla sem leitt geta til mismunandi niðurstaðna
- aukið færni sína við úrlausn verkefna þar sem reynt getur á beitingu allra réttarheimilda og lögskýringa.

307.6.0.FJSL Fjölmiðlar, siðferði og lög

ECTS: 6

Önn: Vor, 2. ár – stutt lota

Kennari: Arna Schram, Heiðdís Lilja Magnúsdóttir

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Skyldunámskeið í miðlun og almannatengslum. Valnámskeið í HHS og byltingafræði.

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er fjallað um lagaumgjörð fjölmiðla sem og siðferðileg álitamál sem snúa að miðlun. Meðal viðfangsefna eru upplýsingalög, meiðyrðalög, tjáningarfelsi o.s.frv. Áhersla er lögð á að skýra samfélagslegt hlutverk fjölmiðla, siðferðilegar skyldur fjölmiðlafólks og réttindi almennings. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur hafi lögfræðipekkingu en námskeiðið er jafnan í sameigilegri umsjá sérfræðings í lögum og siðfræði.

Lærdómsviðmið

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Hafa tileinkað sér greinargóða þekkingu á lagaumgjörð fjölmiðla
- Hafa skilning á helstu siðferðilegu álitamálum er snúa að fjölmiðlun
- Færni til þess að greina og skýra lagaleg og siðferðileg álitamál sem snúa að fjölmiðlun

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar: 2.5.2016

312.6.0.ANPH Ancient Philosophy (Fornaldarheimspeki)

ECTS: 6

Kennari: Páll Rafnar Þorsteinsson, lektor

Önn og lengd: Sumar (annað hvert ár), stutt lota

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Enska

Námskeiðið er valnámskeið.

Aim and content:

This course discusses central theories in ancient philosophy. Students will read selected parts of the writings of Plato, Aristotle, Epicurus, the Stoics and the Neoplatonists. The views of ancient philosophers on issues such as rhetoric, neutrality of science, nature, happiness, wellbeing, virtues and vices will be discussed.

Learning outcomes: After the course, students should:

- Be able to explain the key characteristics of ancient philosophy
- Be able to discuss the work of the main ancient Greek philosophers

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 10.3.2016

301.6.0.ALHA Alþjóðahagfræði

ECTS: 6

Kennari: ???

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Rekstrar- og þjóðhagfræði

Tungumál: Íslenska, lesefni á ensku

Valnámskeið í HHS, miðlun og almannatengslum, byltingarfræði og viðskiptafræði. Kennt annað hvert ár.

Innihald og markmið

Viðfangsefni námskeiðsins er hagfræði í alþjóðlegu samhengi og er skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn fjallar um alþjóðleg viðskipti og viðskiptakjör sem og stefnu stjórnvalda í alþjóðaviðskiptum og alþjóðasamstarf. Seinni hlutinn einblínir á alþjóðlega fjármagnsstrauma og gjaldeyrismál. Fjallað er um hagstjórn við fljótandi gengi og áhrif gengisbreytinga. Einnig er skoðuð fastgengisstefna þjóða og í framhaldinu fjallað um hið hagkvæma myntsvæði og myntbandalög.

Lærdómsviðmið

- Þekkja helstu kenningar og drifkrafta í alþjóðlegum viðskiptaheimi.
- Geta greint helstu orsakir og afleiðingar alþjóðavæðingar.
- Öðlast skilning á ólíkum stefnum í alþjóðaviðskiptum og tengsl þeirra við lífskjör.
- Öðlast færni til að setja fram og beita einföldum líkönum alþjóðahagfræðinnar.

Námskeiðsupplýsingar síðast yfirfarnar: 12.4.2016

Lokaverkefni í opinberri stjórnarsýslu

ECTS: 4

Kennari: NN

Önn: Sumarönn

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Lokaverkefni í opinberri stjórnarsýslu gefur nemendum tækifæri á að nýta þá þekkingu og þá leikni sem þau hafa viðað að sér í gegnum námið. Nemendur vinna verkefnið sjálfstætt undir leiðsögn kennara og viðfangsefni velja þau sjálf, en viðfangsefnið verður að tengjast opinberri stjórnarsýslu með hagnýtt gildi að leiðarljósi. Með þessari verkefnavinnu öðlast nemendur þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og fá grundvallarreynslu í að móta, skipuleggja og framkvæma verkefni frá upphafi til lúkingar og fá þannig þjálfun í beitingu aðferða og verkfæra verkefnastjórnunar. Nemendur vinna verkefnið í hóp (3-4).

Lærdómsviðmið

Þekking

Nemendur

- Fá grundvallarinnisýn inni ferli úrlausnar í verkefnum á sínu sviði
- Læra að setja fram greiningu, gagnrýni og viðeigandi lausnir

Leikni

Nemendur

- Öðlast þjálfun í beitingu aðferðafræði verkefnastjórnunar á raunhæf viðfangsefni innan opinberrar stjórnarsýslu
- Byggja upp færni við að stilla upp og leysa verkefni sem taka á mikilvægum viðfangsefnum innan greinar

Hæfni

Nemendur

- Öðlast sjálfstæða, gagnrýna hugsun gagnvart hagnýtum viðfangsefnum innan opinberrar stjórnarsýslu
- Þroska hæfni til samvinnu og teymisvinnu sem nýtist þeim í daglegum störfum

Samfélagsábyrgð og kynjuð fjárlagagerð –

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn: Sumarönn

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Kemur síðar

Lærdómsviðmið

Kemur síðar

Opinberir kjarasamningar og lagaumhverfi

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn: Sumarönn

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Kemur inn síðar

Lærdómsviðmið

Kemur inn síðar

8.8. Námskeið sumarönn – Lota 3

Málstofa í opinberri stjórnslu

ECTS: 2

Kennari: NN

Önn: Sumarönn

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Námskeið þetta samanstendur af sjálfstæðum erindum sérfræðinga og fræðimanna á sviði opinberrar stjórnsýslu er varða ýmis viðfangsefni innan fræðagreinarnar en áhersla verður einnig lögð á að fá þungavigtarfólk úr opinberri stjórnsýslu til að miðla reynslu sinni og taka fyrir ákveðin raundæmi (case studies). Fengnir verða 4 fyrirlesarar sem halda sjálfstæð erindi og mikil áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda í umræðum um þau málefni sem fengist er við hverju sinni. Markmiðið með þessu námskeiði er að virkja þátttöku nemenda í umræðu um málefni þau sem eru í brennidepli hverju sinni innan opinberrar stjórnsýslu og veita þeim tækifæri til að hlýða á og taka þátt í opinri samræðu við sérfræðinga á þessu sviði.

Lærdómsviðmið

Bekking

Nemendur

- Fá innsýn inni ýmis málefni og viðfangsefni innan opinberrar stjórnsýslu
- Heyra raundæmi (case) frá þungavigtarfólki sem starfar innan opinberrar stjórnsýslu og stunda rannsóknir á sviðinu

Leikni

Nemendur

- Fá tækifæri til að taka virkan þátt í umræðum um einstök viðfangsefni innan opinberrar stjórnsýslu
- Geta nýtt þekkingu þá sem þau hafa öðlast í náminu til að takast á við úrlausn verkefna er tengjast raundæmum

Hæfni

Nemendur

- Geti nýtt raundæmissögur og fræðilega umfjöllun í þessu námskeiði þegar komið er út í atvinnulífið

8.9. Lokaverkefni, misserisverkefni og starfsnám

Valnámskeið

ECTS 6

Önn og lengd: Haust-, vor- eða sumar

Kennari: Ýmsir

Forkröfur: 60 ECTS í grunnnámi

Tungumál: Íslenska eða enska

Allar námslínur.

Á hverri önn kunna að vera í boði 1-2 valnámskeið sem ekki er getið í námskrá. Valnámskeið eru skipulögð sem hefðbundin 6 eininga námskeið í einhverri hinna þriggja fræðigreina sem áhersla er lögð á í HHS náminu.

Markmið valnámskeiða er að nemendur geti dýpkað þekkingu sína á einstökum viðfangsefnum og byggt þannig ofan á þann grunn sem þegar er kominn í náminu. Einnig eru valnámskeið gjarnan tengd málefnum líðandi stundar.

Lærdómsviðmið

- Tilkynt þegar valnámskeið eru auglýst

902.8.0.MISS Misserisverkefni

ECTS: 8

Kennari: Kennarar Háskólans á Bifröst

Önn og lengd: Sumar

Forkröfur: Aðferðafræði

Tungumál: Íslenska

Skylda á fyrsta og öðru ári í grunnnámi óháð námsbraut.

Kennsluaðferðir: Sjálfstæð vinna 4-6 nemenda í hóp. Nauðsynlegt er að hóparnir samanstandi af bæði fyrsta og annars árs nemendum. Þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og reynsla í rannsóknum sem eykur færni í aðferðafræði. Fagleg leiðsögn hjá leiðbeinanda auk leiðsagnar í verkefnastjórnun. Tækifæri til að flétta saman og beita aðferðum og þekkingu sem aflað hefur verið úr öðrum námsgreinum.

Innihald og markmið

Nemendur vinna sjálfstætt í hópum að viðfangsefni sem þeir velja sjálfir. Með verkefnavinnunni öðlast þeir þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og fá grundvallarreynslu í rannsóknum sem dýpkar og eykur á kunnáttu þeirra í aðferðafræði. Verkefni eru löguð að námsgrein hópsins. Sjá nánar handbók um misserisverkefni.

Lærdómsviðmið

- Nemendur öðlast almenna rannsóknþjálfun.
- Byggja upp færni við að stilla upp og leysa verkefni sem taka á mikilvægum viðfangsefnum innan greinar.
- Þroska hæfni til samvinnu og teymisvinnu að margbrotnu verkefni.
- Byggja upp sjálfstæða gagnrýna hugsun gagnvart viðfangsefnum greinar.
- Læra að setja fram greiningu, gagnrýni og viðeigandi lausnir innan fræðilegs og hagnýts ramma

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 10.03.2016

912.6.0.STNÁ Starfsnám

6 ECTS. Hver ECTS eining jafngildir 25 – 30 vinnustundum nemenda

Önn og lengd: Starfsnám er alla jafna í boði á haustönn en í sumum tilfellum geta nemendur skráð sig í starfsnám á vorönn eða sumarönn. Lengd starfsnáms er 4vikur og vegur að jafnaði

Kennari: Nemendur fá einn umsjónarmann í fyrirtækinu eða stofnuninni sem um ræðir sem fylgist með vinnu nemandans og leiðbeinir honum.

Forkröfur: Nemendur skulu hafa lokið 110 ECTS

Tungumál: Ræðst af fyrirtæki/stofnun þar sem starfsnámið fer fram.

Starfsnámið er ætlað nemendum í öllum námslínunum grunnnáms.

Kennsluaðferðir

Þjálfun á vinnustað sem tekur mið af starfsemi stofnunar/fyrirtækis. Handleiðsla er stór hluti starfsþjálfunarinnar. Umsjónarmaður og nemandi hittast reglulega og meta vinnu og framvindu verkefna.

Innihald og markmið

Markmiðið með starfsnáminu er að bjóða nemendum upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda fyrirtækja, stofnana og samtaka.

Lærdómsviðmið

Að starfsnámi loknu eiga nemendur:

- að kunna að beita viðeigandi aðferðum við þau verkefni sem þeim voru falin.
- að hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og geta sett upp verkáætlun og fylgt henni.
- Að vera færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni í viðkomandi starfi eða verkefnum sem þeim eru falin á starfsnámstímanum.

Námsmat

Nemandi heldur dagbók með reglulegum færslum um þau verkefni sem hann vinnur sem ber að skila til þess kennara sem heldur utan um starfsnámið ásamt skýrslu um það. Umsjónarmaður í fyrirtæki/stofnun vottar ástundun nemandans og verkefnavinnu í lok starfstímans og skilar endurgjöf til skólans. Fyrir starfsnám er gefin einkunnin staðið/fallið.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 10.03.2016

303.X.0.BARG BA ritgerð

ECTS: 14

Kennari: Fastráðnir kennarar og eftir atvikum stundakennarar við skólann

Önn og lengd: Lokaönn í grunnnámi, löng lota

Forkröfur: 150 ECTS

